

Ægir Örn Sigurgeirsson  
Hervör Alma Árnadóttir  
Félagsráðgjafadeild  
Háskóla Íslands

# **Framhaldsskólaganga og félagslegar aðstæður**

Stuðningur við ungmenni sem búa við félagslega erfiðleika

Skýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsmanna

haust 2010

## Formáli

Rannsóknin er styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna sem veitti 2 mánaða styrk til rannsóknarinnar. Rannsóknin er unnin í samstarfi við Hjálparstofnun kirkjunnar sem einnig styrkti verkefnið og greiddi laun námsmanns í einn mánuð. Hjálparstofnun kirkjunnar og Nýsköpunarsjóði er þakkaður styrkurinn. Ungmennum sem tóku þátt í rannsókninni er þakkað fyrir sitt mikilvæga framlag. Dr. Guðnýju Björk Eydal, prófessor við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands og Vilborgu Oddsdóttur yfirmanns innanlandsstarfs Hjálparstofnunar kirkjunnar þakkað fyrir ráðgjöf og stuðning.

Ægir Örn Sigurgeirsson, nemi lauk BA námi í félagsráðgjöf í júní síðastliðnum og er nú á fyrsta ári í MA námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf. Hann vann rannsóknina í samvinnu við Hervöru Ölmú Árnadóttur lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Mótun umsóknarinnar og umsjón voru í höndum Hervarar Ölmú Árnadóttur, Vilborgar Oddsdóttur, sem var einnig var meðumsækjandi og dr. Guðnýjar Bjarkar Eydal, sem einnig handleiddi hópinn.

Rannsóknin var unnin af námsmanni undir handleiðslu umsjónarmanns og ráðgjafa. Umsjónarmaður og námsmaður unnu saman að lokaskýrslu.

## Efnisyfirlit

<b>Formáli.....</b>	<b>2</b>
<b>Útdráttur.....</b>	<b>5</b>
<b>Inngangur.....</b>	<b>6</b>
<b>1. Menntun.....</b>	<b>8</b>
Innritun í framhaldsskóla .....	8
Menntunarstig á Íslandi .....	8
(OECD, 2010) .....	9
(OECD, 2010) .....	10
(OECD, 2010). .....	11
<b>2. Félagsauður og samfélagsvinna.....</b>	<b>12</b>
Mynd 4. Kerfi Bronfenbrenner .....	14
Valdefling.....	14
Notendasamráð.....	15
Stuðningur fjölskyldunnar .....	16
<b>3. Stuðningsúrræði.....</b>	<b>18</b>
Stuðningur innan skólanna.....	18
Hjálparstarf kirkjunnar .....	19
Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar.....	20
<b>4. Framkvæmd eiginlegrar viðtalsrannsóknar .....</b>	<b>23</b>
Val á rannsóknaraðferð .....	23
Undirbúningur rannsóknar .....	23
Viðtalsvísir .....	23
Þátttakendur .....	24

Gagnaöflun .....	25
Skráning og úrvinnsla gagna.....	26
<b>5. Niðurstöður.....</b>	<b>27</b>
Uppvöxtur og grunnskólaganga .....	27
Undirbúningur fyrir framhaldsskóla .....	31
Fjölskyldur viðmælenda .....	34
Áhugamál og lífsstíll .....	36
Framhaldsskólaganga .....	38
Stuðningur til náms .....	42
Framtíðarsýn .....	46
<b>6. Umræður .....</b>	<b>50</b>
Heimildir .....	54
<b>Viðauki 1.....</b>	<b>58</b>
Viðtalsvísir .....	58
<b>Viðauki 2.....</b>	<b>60</b>
Upplýst samþykki þátttakenda.....	60

## Útdráttur

Megintilgangur rannsóknarinnar er að auka þekkingu á því hvaða leiðir hafa verið farnar í Reykjavík til þess að styðja ungt fólk á aldrinum 16-20 ára til náms. Ungt fólk sem býr við félagslegar erfiðar aðstæður, hvort heldur sem er vegna fjölskylduaðstæðna eða vegna eigin félagslegra vandamála.

Til þess að afla þekkingar var framkvæmd stefnugreining. Könnuð voru úrræði þriggja framhaldsskóla og lagalegt umhverfi þeirra. Skoðuð var stefna Hjálparstofnunar kirkjunnar annars vegar og stefna Reykjavíkurborgar hins vegar. Tekin voru eigindleg viðtöl við 8 ungmenni í Reykjavík sem búa við félagslega erfiðleika.

Niðurstöður sýna að stuðningur til náms er til staðar fyrir ungmenni sem búa við félagslega erfiðleika. Svo virðist sem aðgangur ungmenna að úrræðunum mætti vera betri og sniðinn í ríkari mæli að þeirra þörfum. Þátttakendur höfðu slæma reynslu af grunnskólagöngu og töldu sig illa undirbúna til framhaldsskólagöngu. Þau höfðu flest lítinn stuðning frá fjölskyldu sinni og félagslega staða þeirra var í mörgum tilfellum veik. Öll vildu þau leita leiða til þess að ná sér í menntun og höfðu skýr markmið varðandi framtíð sína. Þau úrræði sem í boði voru nýttust viðmælendum rannsóknar aðeins að litlu leyti meðal annars vegna þess að þeir vissu ekki um úrræðin eða hvar þau væru að finna og einnig vegna þess að sá stuðningur sem þau töldu sig þurfa var ekki í boði.

Niðurstöður leiða líkur að því að auka þurfi stuðning til ungs fólks sem vill stunda framhaldsskóla nám, þannig að félagslegir erfiðleikar fjölskyldna þeirra standi ekki í vegi fyrir því að þau hafi tækifæri til að stunda nám.

## Inngangur

Í samtímanum er lögð áhersla á menntun ungs fólks með það að markmiði að styðja við þroska og virka þátttöku í lýðræðissamfélagi (Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008). Hér á landi er hlutfall þeirra sem ljúka framhaldsskólaprófi lægra en víðast hvar í nágrannalöndum. Ungmenni hér á landi velja sér oftast en ungmenni nágrannalanda aðra leið en hefðbundið framhaldsskólanám (OECD, 2010). Brýnt er að skoða hvaða orsakir geta legið að baki því að ákveðið hlutfall ungs fólks er hvorki í skóla né á vinnumarkaði. Talið er meðal annars, að vegna samdráttar í íslensku efnahagslífi hafi atvinnuleysi aukist úr rúmu 1% fyrir þremur árum í rúm 8% árið 2010. Í september 2008 var voru 113 einstaklingar á aldrinum 15-19 ára á atvinnuleysisskrá en í september 2010 var fjöldi þessara einstaklinga 330 (Vinnumálastofnun, e.d.). Leiða má líkur að því að færri foreldrar sjái sér fært að styðja börn sín til náms og erfiðara sé nú en áður fyrir ungmenni að vinna með skóla. Menntun er ein grunnforsenda lýðræðis. Í lögum um framhaldsskóla er kveðið á um að hlutverk þeirra skuli vera að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi og atvinnulífi auk undirbúnings til frekara náms. Því er mikilvægt að skoða hvað það er í samfélaginu sem hægt er að styðja og styrkja til þess að sem flest ungmenni geti aflað sér nauðsynlegrar þekkingar til þess að eiga hlutdeild í samfélaginu.

Hér er spurt, hvaða stofnanir og félagasamtök bjóða ungu fólki stuðning til náms? Hvaða stuðning telur ungt fólk sem býr við erfiðar félagslegar aðstæður sig þurfa til að geta sótt framhaldsskóla? Hvað þarf að bæta til að auka aðsókn og þátttöku í framhaldsskólanámi?

Til þess að afla svara við þessum spurningum var framkvæmd stefnugreining. Löggjöf um málaflokkinn, úrræði og þjónusta sem stendur ungmennum til boða voru rannsökuð til að fá sem skýrasta mynd af þeim stuðningi sem hið opinbera og félagasamtök bjóða ungu fólki til þess að stunda nám. Einnig var spurt hvort Reykjavíkurborg hefði sett sér stefnu varðandi málaflokkinn. Tekin voru upplýsingaviðtöl við starfsfólk þeirra stofnana og félagasamtaka sem veita stuðning til ungs fólks í námi. Til að öðlast innsýn í viðhorf og reynslu ungmenna voru tekin átta hálfopin viðtöl sem byggðu á viðtalsvísi við ungmenni sem annað hvort nutu aðstoðar vegna félagslegra erfiðleika eða höfðu lent í vandræðum með framhaldsskólagöngu sína vegna félagslegra erfiðleika.

Í efnahagslægð síðustu tveggja ára hefur talsverð umræða verið um forgangsröðun verkefna, hvað ber að verja og hverju má fórna. Horft hefur verið til annarra þjóða sem hafa staðið í svipuðum sporum og reynt að draga lærdóm af þeirra reynslu. Finnar gengu í gegnum mikla efnahagslægð upp úr 1990. Þeir skáru niður í velferðarkerfinu, lokuðu skólum til að draga úr kostnaði og drógu úr aðstoð fyrir fólk sem vildi stunda nám þegar fjármálakreppan skall á þeim. Finnar telja nú að forgangsröðunin hefði mátt vera önnur, að mikilvægt hefði verið að standa vörð um menntakerfið og aðgang að því. Afleiðingarnar urðu þær að fjöldi ungmenna var án skóla og án atvinnu og virðist þessi hópur hafa fótað sig illa eftir að efnahagsástandið batnaði (Anna Sigrún Baldursdóttir, Steinunn Halldórsdóttir, Berglind Rós Magnúsdóttir, Sigtryggur Magnason, Stefán Stefánsson, Þórir Ólafsson, Héðinn Unnsteinsson, Gissur Pétursson, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Gestur Guðmundsson og Runólfur Ágústsson 2009).

Í skýrslu sem unnin á vegum heilbrigðisráðuneytisins árið 2009 koma fram tillögur að efnahagsáætlun til verndar börnum í íslensku samfélagi á tímum kreppu. Þar kemur fram að Finnar drógu verulega saman í félags og heilbrigðisþjónustu en sáu eftir á að niðurskurðurinn skapaði þeim fleiri vandamál en lausnir. Þeir telja, eftir á að hyggja, að þeir hafi gengið of langt í niðurskurði á velferðarkerfinu og benda á að mikilvægt er að halda fólki virku í samfélaginu þó svo það hafi kostnað í för með sér. Þá verði að skapa fólki tækifæri til að mennta sig og styrkja stöðu sína á vinnumarkaði þegar atvinnuleysi fer minnandi á ný. Efla þarf starf félagsráðgjafa, sálfræðinga, hjúkrunarfræðinga og námsráðgjafa sem vinna innan skólakerfisins til að ná fram heildrænni heilsueflingu. Ennfremur skapa sem flest viðbótartækifæri til náms og vinnu þar sem sérstaklega er hugað að hagsmunum ungmenna og ungs fólks (Engilbert Sigurðsson, Guðný Björk Eydal, Guðrún Sigurjónsdóttir, Hafrún Kristjánsdóttir, Matthías Halldórsson og Salbjörg Bjarnadóttir, 2009).

Í skýrslunni er gerð grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum rannsóknarinnar. Í fyrsta hluta er fjallað um löggjöfina, úrræði og þjónustu. Einnig er þar rætt um áherslur á notendasamráð þ.e. mikilvægi þess að virkja ungt fólk til þátttöku í samfélagi og að stuðningur sé byggður upp með tilliti til þarfa ungs fólks og þeirra eigin hugmynda um uppbyggjandi stuðning. Í öðrum hluta er gerð grein fyrir framkvæmd viðtals rannsóknarinnar og síðan niðurstöðum hennar. Að lokum eru niðurstöður teknar saman og þýðing þeirra rædd.

## 1. Menntun

Þegar fjallað er um mikilvægi þátttöku og virkni ungs fólks á tímum kreppu er brýnt að skoða þá þætti sem eru taldir geta haft jákvæð áhrif þar á. Eftir að rætt hefur verið um hvert menntunarstig Íslendinga er í samanburði við nágrannalöndin verður fjallað um gildi félagslegra tengsla, valdeflingu og hvernig samráð við þá sem eiga að nýta þjónustu eða stuðning skiptir máli þegar stuðningur er útfærður.

### Innritun í framhaldsskóla

Árið 2009 útskrifuðust rúmlega 1600 ungmenni úr grunnskólum í Reykjavíkur. Sama ár innrituðust um 1520 ungmenni í framhaldsnám að einhverju tagi (Hagstofan, e.d.). Það þýðir að um 80 ungmenni innrituðust ekki í skóla. Óljóst er á þessum tölum hvort að einhverjir af þessum 80 börnum hafi reynt að komast inn í framhaldsskóla en ekki fengið inngöngu af einhverjum orsökum. Þegar tölur um atvinnuleysi eru skoðaðar kemur fram að hlutfall ungs ómenntaðs fólks er hærra en hlutfall annarra aldurshópa (Anna Sigrún Baldursdóttir, Steinunn Halldórsdóttir, Berglind Rós Magnúsdóttir, Sigtryggur Magnason, Stefán Stefánsson, Þórir Ólafsson, Héðinn Unnsteinsson, Gissur Pétursson, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Gestur Guðmundsson og Runólfur Ágústsson 2009).


### Menntunarstig á Íslandi

Menntunarstig íslenskra ungmenna er lágt hér á landi í samanburði við nágrannalönd okkar. Rannsóknir sem gerðar hafa verið benda til þess að all stórt hlutfall íslenskra karlmannna ljúki ekki framhaldsskólanámi og þetta hlutfall hafi ekkert breyst síðustu 30 árin (OECD, 2010). Rannsókn frá árinu 2002 sem framkvæmd var af Kristjönu Stellu Blöndal og Jón Torfa Jónassyni greinir frá því að allt að 40% nemenda hættir áður en að útskrift kemur úr framhaldsskólum og má þá oft tengja brottfallið við námsleiða er skapast vegna þess hversu illa þeim gengur í skóla (Þóra Ingimundardóttir, 2009). Svo virðist sem að þeir sem hafa stuðning fjölskyldu sinnar og eru hvattir til náms séu betur í stakk búnir til að takast á við framhaldsnám en þeir sem síður hafa þann stuðning. Einnig hafa rannsóknir bent til þess að ungt fólk sem er utan skóla eigi frekar í verri félagslegum tengslum við fjölskyldu, vini og stofnanir samfélagsins en þeir sem eru í skóla. Enn fremur glímdu ungmennin sem ekki voru í námi við líkamlega og andlega erfiðleika í ríkari mæli og voru líklegri til að neyta ýmiskonar



vímugjafa en jafnaldrar sem gengu í skóla. Fleiri rannsóknir hafa verið gerðar með svipuðu sniði síðan 2001 og skila þær svipuðum niðurstöðum (Rannsóknir og greining 2009).


Í skýrslu frá OECD frá árinu 2010 er menntunarstig þjóða mælt. Menntunarstig á Íslandi virðist nokkuð lægra en á hinum Norðurlöndunum á nokkrum mælikvörðum. Á Íslandi hafa færri lokið framhaldsskóla en annarsstaðar í OECD löndum. Í öðrum OECD löndum hefur fjöldi þeirra sem hafa ekki lokið framhaldsskólaprófi, á aldrinum 25-64 ára, fækkað frá árinu 1998, en ekki á Íslandi, Danmörku, Mexíkó og Tyrklandi. Raunfjölgun var örlítill hér á landi þrátt fyrir hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið framhaldsskólaprófi hafi lækkað á tíu ára tímabili, úr 45% árið 1998 og niður í 36% árið 2008. Hlutfall þeirra sem eru á aldrinum 25-64 ára og hafa lokið framhaldsskólaprófi hefur lítið breyst síðan 1998 þegar það var 34% en er nú 33% (OECD 2010).



**(OECD, 2010)<sup>1</sup>**

Munur milli kynjanna í yngsta aldurshópnum, 25-34 ára sem ljúka framhaldsskólaprófi er með því mesta sem þekktist innan OECD landana og er 7,4%. Dæmi um lönd sem eru með meiri kynjamun eru Ítalía, 8,4% og Grikkland 11,3%, þar sem munurinn er líka körlum í óhag (OECD, 2010).


<sup>1</sup> Óbirt tafla, með leyfi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu



**(OECD, 2010)<sup>2</sup>**

Í nágrannaríkjum okkar hefur þeim sem ljúka framhaldsnámi fækkað hlutfallslega síðasta áratug en þeim hefur ekki fækkað á Íslandi. Hlutfall þeirra sem ljúka framhaldsskólaprófi hefur lítið breyst hér síðustu 10 árin en það var 34% árið 1998 en er nú 33%. Samkvæmt skýrslunni er lítil munur á hlutfalli karla með framhaldsskólapróf eftir aldri en af þeim niðurstöðum er dregið að menntunarstaða íslenskra karla hafi lítið breyst síðustu þrjá áratugi. Hér á landi er stór hópur karla sem lýkur ekki framhaldsskólanámi og þeim virðist ekki fara fækkandi (OECD, 2010).

<sup>2</sup> Óbirt tafla, með leyfi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu



(OECD, 2010)<sup>3</sup>.

Mikill munur birtist hér á stöðu framhaldsskólamenntunar milli Íslands og nágrannaríkja okkar eða allt að 20 % munur íslenskum körlum í óhag. Er staða íslenskra karlmannna áberandi slök þegar staða ungra karla er svo borin saman við meðaltal OECD ríkja en verulega hefur dregið í sundur með þeim miðað við stöðu elsta hópsins með þeim afleiðingum að 14 % fleiri karlmenn á OECD svæðinu hafa fengið framhaldsskólamenntun en hér á landi. eru hér vísbendingar um að framhaldsskólamenntun íslenskra karla hafi ekki náð sömu framþróun og annars staðar í Evrópu.

Ef hlutfall kvenna sem ljúka framhaldsskólaprófi er skoðað kemur einnig mikill munur í ljós hér á landi. Hlutfallið er 73% í yngsta aldurshópnum en 44% í þeim elsta. Menntunarstaða kvenna á Íslandi hefur breyst mikið á undanförunum árum og ásókn kvenna í nám aukist til muna. Samt sem áður eru konur á Íslandi eftirbátar kvenna í flestum öðrum OECD löndum varðandi nám (OECD, 2010).

<sup>3</sup> Óbirt tafla, með leyfi frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu

## 2. Félagsauður og samfélagsvinna

Þegar fjallað er þátttöku og virkni í samfélagi er mikilvægt að skoða félagsauð og samfélagsvinnu. Félagsauður er hugtak sem nær yfir tengsl fólks, og það traust sem myndast þeirra á milli og gefur til kynna styrkleika samfélagsins. Rannsóknir hafa bent til þess að áhrif félagsauðs séu ekki síst mikilvæg fyrir ungt fólk og stöðu þess í samfélaginu. Fjallað hefur verið um þróun á samfélagsgerðum út frá kenningum um félagsauð og í því samhengi bent á að mikilvægt sé fyrir opinberar stofnanir að rækta tengsl sín við íbúa og byggja upp traust. Aukin virk þátttaka í stofnunum samfélagsins geti í sjálfu sér leitt af sér betri árangur fyrir heildina en hún ein og sér muni samt ekki duga. Virknin þarf að koma bæði að ofan, frá stofnunum en einnig að neðan, frá almennum borgurum. Félagsauður sé því á ábyrgð allra, og byggji á virkri þátttöku. Samspil borgaranna og stofnana samfélagsins hafa gagnvirk áhrif, hvort sem það er til að byggja upp eða rífa niður félagsauð (Putnam, 2000; Newton og Norris, 2000).

Samhengi er á milli þess hve mikill félagsauður er og hvaða árangri má ná í stuðningi við einstaklinga og fjölskyldur. Bent hefur verið á hvað stjórnvöld hafa stóru og mikilvægu hlutverki að gegna varðandi félagsauð sem birtist í góðri velferðarþjónustu og þeirri stefnu að auka þátttöku fólks í samfélaginu (*inclusion*). Aukin þátttaka borgara og virkni skilar sér í auknu félagslegu trausti og tiltrú á yfirvöld. Hefur verið bent á velferðarkerfi Norðurlandana, norræna líkanið, sem jákvætt dæmi um slíkt. Það hafi með dreifingu valds að gera hvernig borgurum er gert kleift að taka þátt og hafa aukin áhrif á velferð sína (Katzenstein, 2000; Larsen, 2002). Í heildarsamhengi hefur svo aukinn félagsauður þau áhrif að aðrir þættir eflast, svo sem fjárhagur og mannauður með þeim afleiðingum að þjóðarauður eykst (Stefán Ólafsson, 1996).

Til að stuðla að auknum félagsauð, og þar með sterkari samfélögum, þá er mikilvægt að huga að vandaðri samfélagsvinnu sem sækir grundvöll sinn í kerfis- og umhverfiskenningar. Þar þarf að fara saman skilningur á viðfangsefninu, markhópnum, til dæmis ungu fólki og öllum þeim þáttum sem mynda samfélagið. Þennan skilning þarf svo að tengja heildarsamhengi sem ákvarðast af stjórnmálum og þeirri stefnumörkun sem liggur fyrir. Horfa þarf til samfélaga og þess umhverfis sem ungt fólk lifir og athafnar sig í. Fjölmargar skipulagseiningar, hópar og minni samfélög skapa þann veruleika sem hafa svo gagnvirk áhrif á hvert annað sem og ungmennin. Allt tengist þetta á flókinn hátt í heildstæðu kerfi sem


brýnt er að skilja hvernig virkar ef til að mynda breytingum á að ná fram. Þannig megi með markvissri samfélagsvinnu nýta möguleika sem eru til staðar þegar úrræði sem ætluð eru til stuðnings ungu fólki eru smíðuð (Netting, Kettner og McMurtry, 2010).

Samfélög eru flóknar heildir, ekki eitt kerfi, heldur standa þau saman af nokkrum kerfum þar sem margvíslegar tegundir formlegra og óformlegra hópa og einnig einstaklinga sem tengjast. Þegar unnið er að stuðningi við ungmenni er mikilvægt að hafa nokkur megin einkenni í huga til þess að skilja það samfélag sem verkefnið snýr að.

1. Kerfi og menning samfélaga eiga sér sögu og búa yfir verðmætum grunni til að byggja á og hann ætti að nýta.
2. Samfélög standa saman af einingum eins og hverfi og skólum. Einingarnar eru fjölbreyttar og þar eiga fjölmargir hagsmuna að gæta. Þar leynast kraftar sem oft er hægt að tengja saman og nýta til að styðja ungt fólk.
3. Kerfin eru bæði lóðrétt og lárétt. Lárétt kerfi er samvinna ólíkra heilda innan hverfa sem hafa það að markmiði sínu að styrkja grenndarsamfélagið. Lóðrétt kerfi eru tengsl einstaklinga og hópa sem ná lengra og tengjast lóðrétt kerfum eins og skólum.
4. Kerfi byggja á skilgreiningum um hver mörk þeirra eru. Oft myndast átök um þessar skilgreiningar og því mikilvægt að skoða þær með það í huga hvernig ólík kerfi tengjast innan kerfisins.
5. Kerfi er stöðugt í þróun og að breytast. Samfélagsvinna snýst um að styðja breytingar og jákvæða þróun sem getur leitt til þess að ungt fólk fái stuðning umhverfisins við hæfi til að þroskast og dafna (Netting, Kettner og McMurtry, 2010).

Þegar fjallað er um stöðu ungs fólks er mikilvægt að tengja líf þeirra við umhverfi sitt. Því er gagnlegt að skoða vistfræðilíkan (*Ecology Model*) Bronfenbrenners. Í fjölþjóðlegum rannsóknum sínum greindi hann að einstaklingurinn tengist í fjórum kerfum sem hafa öll áhrif á þroska og líf fólks. Einstaklingurinn lifir daglegu lífi í míkro kerfinu (*micro system*) sem gæti verið fjölskylda, vinir og skólafélagar. Næst míkro kerfinu kemur mesó kerfið (*meso system*) sem er ytri umgjörð eins og hverfi og grenndarsamfélagið. Þá tekur við exó kerfið (*exo system*) sem styður við grenndarsamfélagið og er svo dæmi sé tekið atvinna foreldra, þjónusta við samfélagið og aðrir innviðir. Yst birtist svo makró kerfið (*macro system*) sem felur í sér félagsleg gildi og þau norm sem samfélagið byggir á (Bronfenbrenner, 1979).

Mynd 4. Kerfi Bronfenbrenner



(Bronfenbrenner e.d.)

## Valdefling

Valdefling (*empowerment*) er hugtak sem tengist lýðræði og valdi einstaklingsins yfir eigin lífi og umhverfi. Það hefur átt sérstakt erindi til þeirra sem starfa að velferðar og menntamálum og er lykilhugtak í starfi félagsráðgjafa (Hudson, 2007). Hugtakið er ekki auðvelt að skilgreina og eru til margar skilgreiningar á því. Ein skilgreining valdeflingar er þegar einstaklingar eru hvattir til að finna eigin kraft til þess að vinna að velferð sinni og háþróa lífsgæða. Með valdeflingu öðlast einstaklingar aukið vald yfir eigin lífi og þar með sjálfstæði. Upplifa að þeir geti tekið þátt í samfélaginu til áhrifa og breytinga. og verða frekar þátttakendur en þiggjendur. Í þessu felst að fólk hefur aðgang að upplýsingum, ræður yfir hæfni og tækifærum til að þroskast og er virkt í lýðræðislegu samfélagi. Valdefling er því ekki inngríp eða áætlun heldur lýsir frekar ákveðinni lífssýn (Beresford og Croft, 2000).

Hugtakið hefur verið notað í vinnu með fólki, um það sem þarf að gerast svo að viðkomandi styrki stöðu sína í eigin lífi og í samfélaginu. Til að valdefling geti orðið er mikilvægt fyrir fagmann að hafa tilfinningu fyrir samfélaginu, að stuðningur komi inn á réttum tímapunkti og hann sé ávallt veittur á forsendum notanda þjónustunnar. Valdefling verður í leiðinni að áskorun fyrir fagfólk sem þarfnast sjálft valdeflingar. Aðferðir sem byggja á hugmyndum um valdeflingu hafa verið tengdar stjórnámálum og hafa þannig áhrif á heildarnálgun samfélaga og aðferðir skipulagseininga. Leiðir slíkt oft til grundvallarbreytinga á stjórnsýslu, formi, ferli og markmiðum þjónustunnar (Beresford og Croft, 2000).

Með því að beina sjónum að þörfum notenda og miða þjónustu að því að mæta þeim ætti hún að vera notendum til jákvæðrar uppbyggingar. Slík aðferð ætti því að hámarka verðmæti hennar fyrir unga fólkið og í leiðinni fyrir þann sem veitir stuðninginn. Um þetta er fjallað í markmiðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og er mikilvægt að hafa í huga þegar þjónusta á borð við þá sem þessi rannsókn snýr að er veitt. Þar er sagt að „við framkvæmd félagsþjónustunnar skal þess gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar“ (Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991).

### **Notendasamráð**

Ef stuðningur við fólk á að nýtast sem skyldi er mikilvægt að eiga mikið og stöðugt samráð við þá sem eiga að njóta stuðningsins. Enn fremur er mikilvægt að hlusta á þarfir fólks fyrir stuðning og reyna eftir fremsta megni að tryggja að sá stuðningur sem er veittur, sé að ósk þess sem leitar en ekki hugmyndir fagmanns um hvað sé notanda fyrir bestu. Með því að halda að fólki stuðning sem hefur verið einhliða ákvarðaður af til dæmis starfsfólki, þá er hætt við því að frumkvæði verði kæft og fagmenn fari að stýra lífi viðkomandi einstaklings. Þegar heildarmyndin er skoðuð þá má álykta að borgararnir séu í raun hinir eiginlegu eigendur þjónustunnar. Bent hefur verið á að borgarar eigi að takast á við þá ábyrgð sem felst í að vera eigendur þeirra sömu stofnanna og þeim sem veita þeim þjónustu (Schacter, 1997). Er þá átt við að þeir taki þátt í að ákvarða stefnuna, veiti samfélagslegum stofnunum aðhald og taki þátt í að bæta þjónustu þeirra með virkri þátttöku. Þetta sé gert með því að vera ekki einungis þiggjendur heldur gerendur, það er ekki einungis notendur heldur valdefldir borgarar (Bason, Knudsen og Toft, 2009).

Evrópuráðið gaf út skýrslu árið 2005 þar sem fjallað er um notendasamráð og mikilvægi þess. Í þeirri skýrslu er samráði skipt í þrjá flokka eftir aðkomu notenda, þátttöku, hlutdeild og valdgjöf. Með þátttöku er vísað í að notandi þjónustu gefur upplýsingar um sig og aðstæður sínar. Með hlutdeild er gengið lengra og notandi þjónustu tekur þátt í að finna leiðir til lausna og síðast er valdgjöf sem vísar til þess að notandi þjónustu stjórnar alfarið þeim leiðum sem farnar eru til lausnar. Sem dæmi má nefna þegar notandi fær peninga sem hann getur svo keypt sér þá þjónustu sem hann telur sig þurfa. Lykilatriði er að notandi þjónustunnar sé upplýstur um hvaða stuðning sé hægt að fá og geti því átt frumkvæði að því að biðja um viðeigandi þjónustu. Ungmennin eru sérfræðingar í eigin lífi og þekkja þarfir sínar betur en til dæmis fagfólk og stjórnendur stuðningsúrræða (Evrópuráðið, 2005).

### **Stuðningur fjölskyldunnar**

Rannsóknir hafa sýnt að stuðningur fjölskyldunnar við námsmanninn geta skipt sköpum fyrir árangurinn í námi. Séu foreldrar ákveðnir og afdráttarlausir í stuðningi sínum við skólann og skólagöngu barns síns skapast sterkari áhrifavaldar en til að mynda stétt eða staða. Áhrif foreldris og stuðningur við barnið getur ennfremur vegið þyngra en áhrifin af gæðum skólans (Desforges og Abouchaar, 2003). Einnig er talið að námsmenn sem hafa foreldra sína á bak við sig og stuðning frá fjölskyldu sinni séu að standa sig betur á öllum sviðum hins daglega lífs og gangi því betur í tómsundum sínum og áhugamálum.

Rannsóknir og greining hafa um árabil framkvæmt rannsóknir á líðan ungs fólks og skoðað meðal annars hver félagsleg staða þeirra er og hvernig unga fólknið upplifir sjálft sig og fjölskyldu sína. Rannsókn Hrefnu Pálsdóttur, Álfgeirs Loga Kristjánssonar, Ingu Dóru Sigfúsdóttur, Birnu Baldursdóttur og Jóns Sigfússonar (2009) sem beindist sérstaklega að því að skoða félagslega stöðu 16-20 ára ungmenna á Íslandi sem ekki stunda nám við framhaldsskóla árið 2009, gefur vísbendingar um stöðu þeirra borið saman við ungmenni sem eru í skóla. Í ljós kemur að hagir og líðan þeirra ungmenna sem eru í námi er betri en þeirra sem eru utan skóla. Þar skiptir ekki máli hvort um hefðbundna framhaldsskóla er að ræða eða óhefðbundið nám. Einnig kemur fram að tengsl þeirra ungmenna sem eru í skóla, eru mun sterkari við fjölskyldu sína og þá skortir síður hvatningu og stuðning frá foreldrum sínum. Ungmennin sem standa utan skóla, hvort heldur sem þau eru atvinnulaus eða í vinnu, upplifa að þau eigi erfiðara með að fá hlýju og umhyggju frá foreldrum sínum heldur en ungmenni í skóla. Enn fremur virðist vera meira eftirlit með ungmennum sem stunda skóla



en þeim sem ekki eru með skólavist. Fyrri rannsóknir sem gerðar hafa verið á vegum Rannsókna og greiningar hafa einnig sýnt að aðhald og eftirlit með börnum og ungmennum er áhrifamikill þáttur til að tryggja velferð þeirra.

Í rannsókn Geirs Bjarnasonar (2010) spyr hann hver séu tengsl mismunandi starfshátta í skólahverfum við vímuefnaneyslu nemenda. Í niðurstöðum kemur fram að með auknu samstarfi heimila og skóla megi hugsanlega koma í veg fyrir frávikshegðun nemenda og þar með auka líkur á að nemendur nýti sér skólagöngu sína á jákvæðan hátt.

Samkvæmt niðurstöðum Rannsóknar og greiningar (2009) upplifa ungmenni sem eru ekki í skóla sig frekar einmana, eiga erfiðara með að eignast vini, upplifa það frekar að hafa engan til að tala við og hafa minna sjálfstraust en ungt fólk sem er í skóla. Þunglyndiseinkenni á við depurð, áhugaleysi og vonleysistilfinning eru tíð og sjálfsvígshugsanir greinast tíðar meðal þeirra sem utan skóla standa heldur en þeirra sem eru í skóla. Einnig er vert að benda á að ungmenni utan skóla upplifa það frekar að allir hafi brugðist þeim, þar á meðal þau sjálf og þau telja heilsu sína lakari en annarra ungmenna sem eru í námi. Rannsóknin sem hér er vísað til leiðir einnig í ljós að þau ungmenni sem eru í skóla taka frekar þátt í skipulögðu félags og tómstundastarfi, stunda frekar íþróttir/líkamsrækt og eru líklegri til að vera í keppnisíþróttum hjá íþróttafélagi. Námsmenn eru einnig ólíklegri til að reykja, eru sjaldnar drukkin og mun ólíklegri til að neyta fíkniefna á borð við kannabis og amfetamín (Hrefna Pálsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Birna Baldursdóttir og Jón Sigfússon, 2009).

### 3. Stuðningsúrræði

Til að skoða hvaða úrræði og stuðningur standa ungmönnum til boða sem eru í félagslegum erfiðleikum og vilja stunda nám var framkvæmd stefnugreining. Í þeirri greiningu voru skoðuð lög, stefnur og heimasíður hjá Reykjavíkurborg og Hjálparstofnun kirkjunnar. Fyrst verður fjallað um stuðning innan þriggja framhaldsskóla í Reykjavík og framhaldsskólalögin. Þá verður skoðað hvaða stuðning er hægt að sækja frá Hjálparstofnun kirkjunnar og að lokum fjallað um þann stuðning sem þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar veita.

#### Stuðningur innan skólanna

Lög um framhaldsskóla taka til alls náms á framhaldsskólastigi. Í þeim segir að hlutverk framhaldsskóla skuli vera það að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi. Einnig skuli framhaldsskólar búa nemendur sína undir þátttöku í atvinnulífinu og til frekara náms. Framhaldsskólunum er ætluð mikil fræðsluskylda en ekki síður eiga þeir að stuðla að eflingu og aukinni færni nemenda á sviði siðfræði, vísýni og sjálfstrausts. Enn fremur eiga menntastofnanirnar að stuðla að því að nemendur læri að njóta menningarlegra verðmæta. Skv. 32. grein laganna kveður á um að allir eigi rétt til þess að hefja og stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs. Lög um framhaldsskóla kveða sérstaklega á um rétt þeirra sem þurfa stuðning til náms. Í 34. grein er fjallað um sérstakan stuðning við nemendur með fötlun og nemendur með tilfinningalega og félagslega örðugleika, rétt þeirra á kennslu og sérstaks stuðnings í námi. Viðeigandi búnaður og gögn eigi að vera til staðar eftir því sem þörf þykir. Í framhaldsskóla á að vera starfandi náms og starfsráðgjafi sem leitast við að leiðbeina og aðstoða nemendur við skipulagningu náms og styðja þá sem eiga í vanda varðandi námið.

Það virðist mismunandi hvaða stuðningur er í boði fyrir nemendur í erfiðleikum eða þá sem upplifað hafa áfall innan framhaldsskólanna. Samkvæmt vefsíðu Menntaskólans í Hamrahlíð, býður skólinn nemendum sínum áfallahjálp ef þeir hafa orðið fyrir einhverjum skakkaföllum. Sérstakt áfallateymi er starfrækt og samanstendur af áfangastjóra, hjúkrunarfræðingi, náms- og starfsráðgjafa og tveimur kennurum ásamt skrifstofustjóra. Ekki er gerður greinarmunur á hvort um áfall sé að ræða í einkalífi eða innan skólans (Menntaskólinn við Hamrahlíð, e.d.). Á vef Menntaskólans í Reykjavík segir, að tveir sjóðir séu innan skólans sem nemendur með bágan fjárhag geta sótt um styrk til (Menntaskólinn í Reykjavík, e.d.). Á heimasíðu

Fjölbrautaskólans við Ármúla kemur fram hvernig stoðkerfi skólans er ætlað að ná til ungmenna með les, skipulags og talnablindu með ráðgjöf og stuðningi til náms svo eitthvað sé nefnt (Fjölbrautaskólinn við Ármúla, e.d).

### **Hjálparstarf kirkjunnar**

Hjálparstarf kirkjunnar veitir styrki til námsfólks er standa höllum fæti. Fjölmargir einstaklingar fá þar styrk til bókakaupa, greiðslu skólagjalda eða annarar aðstoðar á námstíma sínum. Skilyrði fyrir aðstoðinni er að námsmaðurinn sé í erfiðum félagslegum aðstæðum og eigi bággt með að standa straum af kostnaði við námið. Í stefnumótun Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir árin 2005 til 2010 um aðstoð innanlands voru sett markmið um að laga aðstoðina sem veitt er að þörfum skjólstæðinga kirkjunnar í samstarfi við félög og stofnanir. Til að ná fram markmiðum var settur á laggirnar starfshópur sem vann með umsjónarmanni innanlandsaðstoðar Hjálparstarfsins og lagðar fram tillögur um ákveðnar breytingar. Skipulögð greining var framkvæmd á vanda skjólstæðinga og leiddi greiningin í ljós að einn aðal vandi hópsins var skortur á menntun. Einnig að umsækjendur aðstoðar hjá Hjálparstarfinu voru bundnir við láglauastörf og gátu ekki stutt börn sín til náms. Þannig hafði skapast vítahringur hjá mörgum sem mikilvægt var talið að rjúfa (Hjálparstarf kirkjunnar, e.d.).

Hjálparstarfið hefur veitt ungmönnum forgang sem ekki fá styrk úr opinbera stuðningskerfinu. Þau ungmenni sem styrki hafa fengið frá upphafi verkefnisins eru í aldurshópnum 16 til 18 ára og hefur markmiðið verið að þau ljúki námi og komist í lánshæft nám eða öðlist starfsréttindi. Verkefnið er í dag styrkt af Velferðarsjóði barna og hefur verið góð samvinna á milli aðila sem að verkefninu koma. Verkefnið gafst svo vel að reynslan af því ýtti undir að frekari úrræði væru skoðuð fyrir ungmennin eftir að þau ná 18 ára aldri og formlega þá ekki lengur á framfæri foreldra sinna. Sorpa veitti upphaflega styrk til þess að stofna Framtíðarsjóð hjá Hjálparstarfinu og hafa langtímalausnir og áætlanir kallað á samvinnu við fleiri aðila sem fjölgar frá ári til árs til að koma að víðtækara starfi til stuðnings ungum námsmönnum sem búa við félagslega erfiðleika (Hjálparstarf kirkjunnar, e.d.).

Hjálparstarf kirkjunnar sinnir fjárhagsaðstoð sinni með fjármagni sem kemur frá fyrirtækjum og einstaklingum sem vilja láta gott af sér leiða í samfélaginu. Til þessa hefur gengið vel að fjármagna sjóði þá sem greitt er úr og er mikilvægt að halda á lofti þeim árangri sem Hjálparstarfið hefur náð með stuðningi sínum við unga námsmenn til að fólk og fyrirtæki sjái

hvernig stuðningur þeirra ávaxtar sig. Skólaárið 2008 til 2009 voru 47 ungmenni sem fengu styrk til að greiða skólagjöld, námsbækur, efniskostnað og fartölvur. Á því sama skólaári var sett aukin áhersla á velferð barna í nýjum aðstæðum og fengu 68 börn stuðning vegna skólabyrjunnar (Hjálparstarf kirkjunnar, 2009).

### **Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar**

Velferðarsvið Reykjavíkur rekur sex þjónustumiðstöðvar víðsvegar um borgina með það að markmiði að tryggja gott aðgengi íbúa að þjónustunni. Er þar veitt þverfagleg og samþætt þjónusta. Ungt fólk gefst kostur á að sækja margvíslega ráðgjöf þar svo sem félagsráðgjöf, frístundaráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf og sálfræðiþjónustu. Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er meðal annars kveðið á um í fyrstu grein að markmið laganna sé að tryggja félagslegt og fjárhagslegt öryggi íbúa sveitarfélagsins. Þjónustumiðstöðvar veita fjárhagsaðstoð til þeirra sem hafa tekjur og eiga eignir undir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Fjárhagsaðstoðin er veitt úr tveim meginflokkum sem skiptast í framfærslustyrk og heimildagreiðslur. Framfærslustyrk fá einstaklingar og fjölskyldur sem geta ekki framfleytt sér, eða sínum. Heimildagreiðslur eru veittar vegna sérstakra aðstæðna og undir þær falla meðal annars námsaðstoð, óvænt áföll og sérfræðiaðstoð (Reykjavíkurborg e.d.).

Í reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg sem voru samþykktar með síðustu breytingum í borgarráði þann 6. maí 2010 má finna greinar um stuðning til námsmanna. Í 16. gr D. lið segir að heimilt sé að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna. Með tekjulágum foreldrum er átt við að foreldri hafi haft tekjur undir grunnfjárhæð undanfarna 12 mánuði eða lengur. Styrknum er ætlað að mæta kostnaði vegna bókakaupa og skólagjalda barnsins. Um námsstyrki er fjallað í 18. gr reglna um fjárhagsaðstoð. Námsstyrkur er framfærslustyrkur sem er sérstaklega ætlaður fyrir 18 til 24 ára fólk sem ekki hefur lokið grunn- eða framhaldsskólanámi og átt hafa við mikla félagslega erfiðleika að stríða. Einnig einstæða foreldra sem falla undir fyrrgreind skilyrði og hafa að auki haft undir einni milljón í atvinnutekjur síðast liðna 12 mánuði. Einnig hafa þeir einstaklingar rétt til námsaðstoðar sem hafa verið atvinnulausir, án bótaréttar og hafa þegið fjárhagsaðstoð í hálf tveim árum eða lengur. Til þess að umsókn sé gild þarf að leggja hana inn tveimur mánuðum áður en nám hefst. Skilyrði fyrir styrkveitingunni er að starfsmaður og námsmaður geri með sér samning um félagslega ráðgjöf þar sem koma skulu fram skyldur námsmanns varðandi skólasókn, námsframvindu og jafnvel einkunnir. Miðað skal við að námið sem námsmaður

stundar leiði hann til lánhæfs framhaldsnáms. Ekki er heimilt að styrkja þá einstaklinga sem eru í lánshæfu námi samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (Reykjavíkurborg e.d.). Samkvæmt munnlegri heimild þá fengu 206 einstaklingar 18 ára og eldri námsaðstoð á vorönn 2010. Greidd voru innritunargjöld fyrir 13 einstaklinga á aldrinum 16 og 17 ára fyrir sama tímabil (Guðmundur Sigmarsson munnleg heimild, 24. september 2010).

Til að fá gleggri mynd af þeirri þjónustu sem þjónustumiðstöðvar veita ungmennum sem vilja stunda nám var félagsráðgjafi á þjónustumiðstöð tekinn tali. Viðmælandi sinnir ráðgjöf við ungt fólk sem leitar aðstoðar vegna náms. Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar eiga þeir sem eru 18 til 24 ára og hafa verið atvinnulausir síðastliðna 12 mánuði eða hafa átt við mjög mikla félagslega erfiðleika að stríða, rétt á námsaðstoð. Þegar félagslegu erfiðleikarnir eru metnir er litið til margra hluta svo sem efnahagslegrar stöðu foreldra, veikinda, vímuefnaneyslu og fyrri skólagöngu umsækjanda. Viðmælandi segir að oft þurfi að styðja umsækjanda fyrst til að koma jafnvægi á líf sitt áður en farið er í nám. Til dæmis ef umsækjandi er í neyslu vímuefna og er tilbúinn til að taka á þeim vanda þá er reynt að styðja hann fyrst í því að takast á við vandann.

Styrkur til náms er tvennskona. Annars vegar er styrkur sem foreldrar 16-18 ára ungmenna geta sótt um. Sá styrkur er veittur fyrir skólagjöldum og námsbókum. Hins vegar geta ungmennin sótt um styrk þegar þau hafa náð 18 ára aldri til bókakaupa og skólagjalda auk framfærslustyrks upp á 125.000 á mánuði. Þeir sem búa heima hjá foreldrum fá helming framfærslustyrksins. Styrkurinn er háður þeim skilyrðum að ungmennin séu með 80% mætingu í skóla og ljúki níu einingum á önn. Einnig er þeim gert að mæta í mánaðarleg stuðningsviðtöl hjá námsráðgjafa eða félagsráðgjafa. Námsstyrkurinn er ekki sérstaklega auglýstur eða kynntur út á við. Gengið er út frá því að fólk hafi leitað allra annarra leiða áður en til þessa úrræðis kemur. Félagsleg aðstoð er yfirleitt sú aðstoð sem veitt er þegar allt annað hefur verið reynt. Fólk er búið að leita til ættingja og annarra í nærumhverfinu og eiga sér enga aðra leið en að sækja sér aðstoð til félagsþjónustu.

Ungmenni sem eru á skólstyrk og ná ekki tilskildum einingafjölda þannig að þau missa skólstyrkinn geta sótt um fjárhagsaðstoð svo lengi sem vinnumálastofnun hefur gefið út vottorð til staðfestingar að viðkomandi sé ekki með rétt til atvinnuleysisbóta. Ef ungmenni er með atvinnuleysisbætur og fær inngöngu í skóla mega einingar í töflu ekki vera fleiri en níu til að bótarétti sé haldið.

Mikið samstarf er á milli þjónustumiðstöðvanna og þeirra skóla sem nemendur með námsstyrk sækja. Viðmælandi segir að til þeirra leiti ungmenni sem hafa fallið út úr skólakerfinu að einhverjum orsökum „brottfallsnemendur“. Þessir nemendur eru oft aðstoðaðir sérstaklega til dæmis með því að hafa samband við skóla og aðstoða þá við að fá inngöngu í skólann. Við þessa nemendur er gerður sérstakur samningur sem inniheldur viljalýsingu umsækjanda um hvað hann ætli að gera til þess að stunda sitt nám. Ef ungmenni nær ekki tilskyldum árangri í námi og er vísað frá skóla er oft hringt í skólann og óskað eftir því að málið sé skoðað og þá með tilliti til stöðu nemanda. Mikil áhersla er lögð á að nemandi geti klárað sitt nám og því fellur hann ekki svo auðveldlega út af námsaðstoð. Það er alltaf leitast við að hjálpa fólki að komast í gegnum skólann og ef um kvíða, félagsfærni eða aðra erfiðleika er að ræða er reynt að vinna sameiginlega að því að yfirstíga þá.

Viðmælandi segir að önnur úrræði og námskeið séu í boði meðal annars fyrir ungmenni sem eru á fjárhagsaðstoð og nefnir þar námskeið fyrir ungmenni sem nefnist Virknibrú. Námskeiðið er í þrjár vikur og gengur út á að fólkið finni sína innri hvata til þess að horfa fram á veginn og hvert þau vilja stefna í sínu lífi. Námskeiðið er nýlegt en nú hafa um 40 ungmenni lokið því og beðið er eftir niðurstöðum úr árangursmælingu. Námskeiðið lofar góðu því allir sem hafa lokið námskeiðinu hafa farið í önnur úrræði sem í boði eru. Einstaklingarnir sem sækja þetta námskeið eru yfirleitt búnir að reyna ýmislegt svo það er virkilega ánægjulegt að sjá þau komast í áframhaldandi úrræði.

Viðmælandi segist sjá merkjanlegan mun á fjölda þeirra ungmenna sem leitar aðstoðar eftir bankahrun en enn séu reglur það þröngar að oft sé ekki hægt að aðstoða þau. Þær reglur sem við störfum eftir ná aðeins utan um þá sem verst eru settir en í þeim hópi virðist ekki mikil fjölgun hafa orðið og því hefur því fólki sem fær aðstoð frá okkur ekki svo mikið fjölgað (Þórarinn Þórsson, munnleg heimild 6. ágúst 2010).

Samkvæmt lögum eiga framhaldsskólar að veita ungmendum sem búa við félagslega erfiðleika stuðning og ráðgjöf. Framhaldsskólar bjóða stuðning t.d. náms- og starfsráðgjafa. Forsjáaraðilar, ungmenna á aldrinum 16-18 ára, sem ekki geta fengið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu vegna náms barna sinna, geta sótt um styrk til Hjálparstofnunar kirkjunnar. Hjálparstofnun hefur um árabil styrkt ungmenni sem búa við félagslega erfiðleika. Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar styrkja ungmenni sem búa við félagslega erfiðleika til náms að gefnum ákveðnum forsendum.

#### **4. Framkvæmd eigindlegrar viðtalsrannsóknar**

Eftirfarandi kafli gerir grein fyrir aðferð og framkvæmd eigindlegrar viðtalsrannsóknar.

##### **Val á rannsóknaraðferð**

Til að auka þekkingu og fá innsýn í þann veruleika sem mætir ungu fólki, sem býr við félagslega erfiðar aðstæður og vill mennta sig, voru tekin eigindleg viðtöl við átta ungmenni. Með slíkum eigindlegum viðtölum er tilgangurinn sá að fá dýpri skilning á líf og aðstæður nokkurra einstaklinga frá þeirra sjónarhorni (Bogdan og Biklen, 2003). Rannsóknaraðferðin byggir á lýsandi gögnum sem rannsakandi aflar. Hann greinir þau og túlkar merkingu þeirra (Esterberg, 2002). Þessi aðferð var valin til að fá innsýn í líf og aðstæður ungmennanna og til að fá sem skýrasta mynd af vitneskju þátttakenda um bjargir þær sem standa ungmönnum til boða og hvernig þau nýtast. Áhersla var lögð á að ná til ungmenna sem hefðu hætt námi vegna félagslegra erfiðleika eða ungmenna sem nytu aðstoðar vegna félagslegra erfiðleika.

##### **Undirbúningur rannsóknar**

Undirbúningur við rannsóknina hófst í enda maí 2010 en rannsóknin stóð til september loka 2010. Undirbúningurinn fólst meðal annars í að finna þátttakendur, afla tilskilinna leyfa, útbúa samþykki til undirskriftar og búa til viðtalsvísi fyrir viðtölin. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar.

##### **Viðtalsvísir**

Ákveðinn rammi var útbúinn, svo kallaður viðtalsvísir. Viðtölin voru hálfopin, þar sem lögð var áhersla á að afla upplýsinga um ákveðin atriði en einnig að viðmælendur fengju að tjá sig óhindrað um líf sitt. Nemandi og umsjónarmaður unnu saman að viðtalsvísinum og var sami viðtalsvísir alltaf notaður þar sem rannsakandi leitaðist við að hafa sögu viðmælenda í þræði frá upphafi skólagöngu til stöðu hans í dag (Fylgiskjal 1). Leiðarljós viðtalsvísis rannsakanda var að tryggja að ákveðnir þættir kæmu fram sem mikilvægir voru fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Þó svo hætta sé á að svörin verði löng og fari út fyrir efnið við þessa aðferð taldi rannsakandi að betri heildarmynd væri gefin af lífi þátttakanda ef hann fengi að ræða óhindrað um upplifun sína og raunveruleg staða hans yrði skýrari við greiningu svara hans. Viðtalsvísirinn var settur upp með opnum spurningum um bakgrunn þátttakenda, fjölskylduhagi, búsetu, áhugamál, skóla, atvinnu, framfærslu, tengsla innan fjölskyldu og

núverandi félagslega stöðu. Einnig var leitað eftir upplýsingum um neyslu þátttakanda þar sem fyrirbyggjandi gögn frá Rannsóknunum og greiningu gáfu vísbendingar um að fólk utan skóla væri líklegra til að vera í neyslu. Ef um neyslu var að ræða var óskað svara um hvernig það samræmdist væntingum viðmælanda til náms ásamt því að skoða það neyslumynstur sem þátttakandi átti í. Því næst var þátttakandi spurður um uppeldi sitt og grunnskólagöngu. Að lokum var tengt á milli grunnskóla og framhaldsnáms þar sem þátttakandi var beðinn um að koma í orð af hverju hann vildi mennta sig og hvort hann vissi um einhver úrræði sem gætu komið honum að gagni til þess að halda áfram námi eða komast aftur í nám. Einnig var reynt að fá mynd á hvaða vonir og væntingar þátttakendur höfðu til framtíðar og meðal annars spurt hvort þau teldu sig geta náð þeim markmiðum sem þau hafa varðandi nám.

### **Þátttakendur**

Til þess að ná tilsettum markmiðum í rannsókninni voru þátttakendur valdir með markvissu úrtaki þar sem leitað var að þátttakendum sem uppfylltu skilyrði þau sem rannsókninni þjónuðu. Skilyrðin voru eftirfarandi:

- Að þátttakandi væri á aldrinum 16 til 24 ára
- Að hafa nýtt sér eða reynt að nýta sér félagslega þjónustu eða stuðning frá þriðja geiranum
- Að hafa hafið framhaldsnám en horfið frá námi vegna félagslegra aðstæðna

Leiðbeinendur rannsakanda bentu á þátttakendur í rannsóknina og voru sex strákar og tvær stelpur á aldrinum 17 til 24 ára valin. Þrjú fara í skóla í haust og fimm eru án skólavistar. Einn þátttakandi þótti ekki passa inni rannsóknina þar sem fram kom í viðtali að bakland hans var sterkt og ekki þörf á stuðning utan frá. Öllum upplýsingum er rekja má til þátttakenda hefur verið breytt til að viðhalda trúnaði. Eftirfarandi tafla sýnir aldur, búsetu og skólastöðu viðmælanda.



**Tafla 1. Bakgrunnur þátttakenda.**

Aldur	Búseta	Skólastaða
20 ára	<i>Býr hjá móður og stjúpa ásamt þremur yngri systkinum í blokkaríbúð.</i>	Fær skólavist haust 2010.
17 ára	<i>Býr með móður sinni og eldri bróður í blokkaríbúð.</i>	Fær skólavist haust 2010.
18 ára	<i>Býr einn með foreldrum sínum í kjallaraíbúð á þriggja hæða húsi.</i>	Fær skólavist haust 2010
19 ára	<i>Býr einn með móður sinni í blokkaríbúð og systir hans býr þar líka „af og til“.</i>	Fær ekki skólavist haust 2010
20 ára	<i>Býr með meðleigjanda sem hann kynntist í gegnum smáauglýsingu.</i>	Fær ekki skólavist haust 2010
19 ára	<i>Býr með móður sinni og tveimur systkinum í blokkaríbúð.</i>	Fær ekki skólavist haust 2010
18 ára	<i>Býr með foreldrum og tveimur eldri bræðrum í íbúð.</i>	Fær ekki skólavist haust 2010

### Gagnaöflun

Gagnaöflun fór fram með einu viðtali við hvern þátttakanda. Viðtölin voru tekin í júlí og ágúst 2010. Þátttakendum var boðið að koma til fundar við rannsakanda á skrifstofu sem hann hafði fengið til láns hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Sex þáðu boðið og komu á þangað en rannsakandi tók líka tvö viðtöl í Hinu húsinu sem lánaði aðstöðu til rannsakanda. Engin tímamörk voru sett á lengd viðtala en þátttakendum gerð grein fyrir að þeir gætu á hvaða tímamarki sem er sagt sig úr rannsókninni. Þeim var gerð grein fyrir að gögnin yrðu aðeins skoðuð með kóðuðum nöfnum, greind og síðan eytt. Lengd viðtala var frá 47 mínútum allt að 75 mínútum.

Ekki voru allir þátttakendur tilbúnir að deila reynslu sinni með rannsakanda í fyrstu tilraun. Einn viðmælandi kom til viðtals á fyrirfram ákveðnum degi en tjáði rannsakanda að hann gæti ekki tekið þátt áður en viðtalið var formlega hafið. Þátttakandi hringdi þremur dögum síðar og vildi gera aðra tilraun, tókst hún með ágætum. Aðrir þrír mættu ekki til viðtals á

ákveðnum viðtalsdegi og þurftu því að bóka annan tíma til að koma viðtalinu á. Viðmælendur í rannsókninni skrifuðu allir undir upplýst samþykki (Fylgiskjal 2) þar sem þeir höfðu kynnt sér markmið og tilgang rannsóknarinnar. Allir þátttakendur sem beðnir voru um að þátttöku komu til viðtals.

### **Skráning og úrvinnsla gagna**

Viðtölin voru öll tekin upp á stafrænt upptökutæki, því næst færð inn á tölvu og síðar færð í ritað mál. Þegar allra gagna hafði verið aflað voru þau skráð og hafist handa við úrvinnslu. Við afritun var hlustað eftir sameiginlegum þáttum sem viðmælendurnir höfðu og reynt að greina í þemu eða flokka. Viðtölin voru greind með þeim hætti að marglesa yfir textann og draga fram megin þemu. Að því loknu var lesið yfir þemun og einblínt á þau þemu sem stóðu upp úr við greiningu og flokkun. Við yfirllesturinn komu fram ný þemu sem drógu fram þætti sem ekki var ætlunin að skoða í þessari rannsókn. Það varð til þess að þemu voru sameinuð eða lögð af og ný þemu skoðuð betur.

Niðurstöður birtast hér þannig að fyrst er talað um grunnskólagönguna, því næst framhaldsskólann og stuðningskerfin og síðast framtíðarsýnina. Inná milli er skýrt frá þeim félagslegu aðstæðum sem þátttakendur voru í á mismunandi tímasteiðum.

## 5. Niðurstöður

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir upplifun þátttakenda af grunnskólagöngu sinni, félagslegum aðstæðum og uppvexti þeirra.

### Uppvöxtur og grunnskólaganga

Flestir viðmælenda höfðu upplifað miklar breytingar í uppvexti sínum, ýmist breytingar innan fjölskyldu eða tíða flutninga., Fjórir höfðu verið í sama skóla allt frá fyrsta bekk út grunnskóla en aðrir skipt um skóla, jafnvel nokkrum sinnum. Viðmælendur lýsa því að þeir hafi átt í erfiðleikum með að kynnast krökkum og mynda vinahóp. Tengsl viðmælenda við fjölskyldu sína voru nokkuð mismunandi. Einungis einn þeirra býr á heimili foreldra sinna en þeir eiga báðir við geðræna erfiðleika að etja. Ákveðinn samhljómur er í lýsingu viðmælenda á hegðun og líðan í uppvexti þar sem flestir telja sig hafa verið fyrirferðarmikla og jafnvel erfiða í umgengni.

Einn viðmælenda lýsir grunnskólagöngu sinni og hvernig hún einkenndist af flutningum og rötleysi. Við upphaf grunnskólagöngu bjó móðirin með föður yngstu systkina hans. Þau fluttu oft og festu ekki rætur á neinum stað. Viðmælandi gekk í fimm grunnskóla og eignaðist ekki nána vini, hann segir:

*Ég var örugglega erfiður sem barn á þessum tíma, þarna í fyrsta, öðrum og þriðja bekk. Ég held ég hafi samt ekki verið ofvirkur, heldur bara óþekkur og uppátækjasamur...*

Hann telur að sér hafi liðið best í síðasta grunnskólanum sem hann gekk í en þar var hann samfelt í fjögur ár frá 7. bekk til 10. bekkjar. Ástæðuna telur hann vera að á þessum tímamarki var meiri stöðugleiki kominn á líf hans og hann flutti ekkert á meðan.

Annar viðmælandi sem einnig bjó með einstæðri móður sinni og systkinum lýsir áhrifum af tíðum flutningum. Flutningarnir gerðu það að verkum að hann gekk í fjóra grunnskóla. Hann eignaðist ekki vini fyrir utan einn sem hann heldur enn sambandi við. Hann telur ástæðuna vera mikla flutninga á meðan hann var í grunnskóla. Hann lýsir sér sem frekar öru barni og oft látið hafa mikið fyrir sér, verið með læti og truflað kennslu. Hann telur í dag að hann hafi verið að kalla eftir athygli, honum hafi ekki liðið vel og því reynt að ná til fólks með slagsmálum og látum. Hann segist hafa átt erfitt með að stjórna skapi sínu og það hafi með réttu mátt kalla hann vandræðabarn.

Í öðru tilviki bjó viðmælandi einnig með systkinum og einstæðri móður. Miklar breytingar voru innan fjölskyldunnar í hans uppvexti þó ekki væri um flutninga að ræða. Faðir hans og móðir skildu þegar hann var barn að aldri en móðirin hefur búið með fjórum mönnum síðan þá sem hafa komið viðmælenda í föður stað. Móðirin hefur nýlega slitið síðustu sambúð og viðmælandi lýsir söknuði vegna missis stjúpöður. Aðspurður um grunnskólagöngu sína segir viðmælandi að hann hafi verið í sama grunnskóla alla grunnskólagönguna en það hafi gengið svona upp og niður í náminu og skólanum og segir:

*Það var þannig að ég lærði eiginlega aldrei almennilega að lesa fyrr en ég var 12 ára þannig að þá almennilega byrjaði ég að læra. Og samt sem áður gekk mér vel í samræmdu prófunum, ehh ekki þeim sem voru áður heldur þeim sem voru eftir 10. bekk.*

Viðmælandinn nefnir, eins og fleiri þátttakendur, að félagsskapurinn hafi átt stærsta þáttinn í að honum gekk illa að læra fyrr en eftir 12 ára aldur. Miklar breytingar hafi átt sér stað innan skólans sem hann hafi höndlað illa og lýsir því þannig:

*Mér fannst skólinn vera mjög skrýttinn því hann skipti krökkunum í svona tvennt, tossa og nördabekk... Við vorum samt eitthvað um 11 í bekknum og fengum ekki mikla hjálp.*

Viðmælandi segist ekki hafa lært mikið heima en reynt að fylgjast með í tímum. Hvað lesturinn varðar telur viðkomandi að leti hafi átt stærstan þátt í að hann varð ekki læs fyrr en 12 ára. Í níunda og tíunda bekk fékk viðmælandi sérstakan stuðning frá tveimur kennurum sem sýndu vilja til að kenna honum. Við það urðu ákveðin kaflaskil og gekk lærdómurinn vel eftir það. Viðkomandi átti ekki nána vini í grunnskóla, ástæðuna segir hann vera þá að það hafi verið svo miklir flutningar í hverfinu, þeir sem hann kynntist og hafi yfirleitt flutt fljótlega úr hverfinu og þar með tengslin rofnað.

Viðmælandi sem alltaf bjó á sama stað í foreldrahúsum lýsir sér sem einfara í grunnskóla, hann hafi ekki tekið þátt í neinu félagslegu með jafnöldrum eða skólafélögum. Hann hafi aldrei komið með vini sína heim, reyndar hafi hann ekki átt marga vini í grunnskólanum. Hann vildi hvorki né gat boðið vinum heim þar sem heimilisaðstæður buðu ekki uppá það. Í áttunda bekk hafi hann aðeins farið að blanda meira geði við samnemendur sína en honum leið samt alltaf illa og eignaðist ekki neina vini, öllu heldur má kalla það kunningja. Hann segir:

*Í gegnum grunnskólann gekk mér eiginlega bara alltaf illa því eina sem ég gerði var að fara í skólann og síðan hlakkað ógeðslega mikið til að geta farið heim úr skólanum og komast í tölvuna og spila leik sem heitir World of warcraft, gerði það eiginlega bara í gegnum alla skólagönguna. Það er kannski ástæðan fyrir því af hverju mér gekk alltaf svona illa... mér langaði bara að fara heim og spila.*

Einn viðmælanda, af erlendu bergi brotinn, flutti ásamt báðum foreldrum sínum til landsins rétt áður en hann byrjaði í skóla. Tildrög þess að fjölskyldan flutti til landsins voru þau að foreldrum hans bauðst vinna á Íslandi sem þau þáðu. Fjölskyldan hafði verið frekar illa sett í heimalandi sínu og sáu þau tækifæri hérlandis til að framfleyta sér betur. Þeim leið strax vel en fljótt fór að bera á því að viðmælandi yrði fyrir einelti. Aðspurður um hvernig hefði verið tekið á því segir hann að skólinn hafi ekkert gert en að foreldrar hans hafi reynt að styðja hann og talað við hann um að þetta myndi lagast. Það lagaðist á nokkrum árum en viðkomandi segist hata kvalara sína enn í dag og gleðjast yfir því að þeir hafi það skítt í lífinu.

Einn viðmælanda lýsir erfiðum félagslegum aðstæðum foreldra í uppvexti, atvinnuleysi og veikindum. Hann telur erfiðleika sína í grunnskóla eiga rætur að rekja til þess að hann varð af leikskólagöngu og lék sér því alltaf einn fram að grunnskólaaldri. Í grunnskóla segist hann hafa verið óstýrilátur og oft í slagsmálum við önnur börn. Hann telur sig hafa verið félagslega óþroskaðan út af því hvernig hann fór á mis við að leika við önnur börn. Hann var lagður í einelti og svaraði fyrir sig með slagsmálum.

Annar viðmælandi sem býr með einstæðri móður og systkinum. Hann upplifði grunnskólagöngu sína ágæta fyrir utan samskipti við einstaka kennara. Hann kveðst hafa verið örlítið ofvirkur og uppátækjasamur en skapaði þó engin vandræði. Lærði heima og í skólanum og man ekki eftir neinum sérstökum erfiðleikum með námsefnið. Stóð sig vel í námi fram undir áttunda bekk þegar faðir hans dó. Eftir það hætti hann að nenna að læra og var í svolitlu stríði við kennarana. Bera fór á verri hegðun hans um svipað leyti og faðir hans dó. Hann þurfti að skipta um grunnskóla í níunda bekk, en það breytti ekki hegðun hans í skóla. Félagsleg staða viðmælanda var ágæt. Hann átti góða féлага og upplifði aldrei neina erfiðleika hvað tengsl við féлага sína.

Einn viðmælandi lýsir erfiðri grunnskólagöngu. Honum gekk illa að læra og gerði sjaldan heimavinnu, fékk aldrei háar einkunnir og var frekar lélegur námsmaður. Foreldrar hans

settu honum engar reglur, né gerðu kröfur til hans um að sinna heimanáminu. Hann fékk að haga sínum málum eins og hann vildi og segir:

*Þau æstu sig ekki yfir lágum einkunnum og var alveg sama. Það var frekar að mamma æsti sig ef stílabók eða einhver skólabók væri rifin eða slíkt heldur en yfir lágum einkunnum og lélegum árangri eða ástundun.*

Hann segir einn kennara hafa reynt að láta hann sitja eftir eða taka aukatíma vegna heimavinnunnar. Aðspurður segir viðmælandi að enginn hjá skólanum hafi vitað um aðstæður hans heima fyrir, aldrei hafi verið spurt um þær og hann ekki farið að ræða þær að fyrra bragði.

Þegar reynsla viðmælanda af skólagöngu og uppvexti er skoðuð má sjá að þeir hafa búið við félagslega erfiðleika af margvíslegum toga og þekkt er að slíkir erfiðleikar geta haft áhrif á bæði líðan og námsferil. Viðmælandur lýsa sjálfir hvernig tíðir flutningar hafa unnið gegn tengslamyndun og stöðugleika. Einn viðmælanda sem bjó á sama stað, lýsti einnig hvernig tíðir flutningar annarra leiddu til þess að hann náði ekki að eignast góða vini. Margir viðmælanda lýsa mjög erfiðum aðstæðum í fjölskyldum vegna veikinda eða atvinnuleysis. Athyglisvert er að viðmælandur staldra mjög lítið við áhrif þessara þátta á gengi í námi. Einn viðmælanda segir til dæmis um aðstæður á heimili þar sem faðir var áfengissjúklingur og lítið sem ekkert í vinnu:

*Hann var bara ekki vinnuhæfur og í raun öryrki... Það var ekkert ofbeldi á heimilinu en oft mikið rifist. Drykkjan og heimilisaðstæður á þessum tíma höfðu ekki endilega áhrif á það að læra heima eða skólann... það voru alveg góðar aðstæður til að læra.*

Viðmælandur sem bjuggu við tíðar breytingar á fjölskylduhögum, nefna það heldur ekki sem truflandi þátt sem skapað hafi vanlíðan eða óöryggi, einn viðmælandi sem bjó með fjórum stjúpfeðrum á grunnskólaaldri kennir t.d. eigin leti um að hafa ekki gengið betur í lestri á fyrri hluta grunnskólagöngu. Vel má vera að svo hafi verið, en ólíklegt er að tíðar breytingar í fjölskyldunni hafi ekki einnig haft truflandi áhrif á viðkomandi. Aðrir viðmælandur lýsa sér sem vandræðabörnum og telja sig hafa átt við ákveðinn hegðunarvanda að etja. Flest lenda þau í erfiðleikum í skólagöngu sinni og eiga erfitt með félagsleg tengsl.

## Undirbúningur fyrir framhaldsskóla

Viðmælendur voru spurðir að því hvernig þeim fyndist grunnskólinn hafa undirbúið þá fyrir framhaldsskólann og hvort þeir hefðu fengið fræðslu um andlega og líkamlega heilsu.

Einn viðmælanda segir grunnskólann hafa undirbúið sig ágætlega og að einkunnir hafi yfirleitt góðar hjá sér, sérstaklega eftir níunda og tíunda bekk. Hann segist lítið hafa vitað um út í hvað hann var að fara með stökkinu frá grunnskóla í framhaldsskóla. Aðspurður um hvort unnið hafi verið að uppbyggingu sjálfsmyndar í grunnskóla og kennt um líkamlega og andlega heilsu, telur hann ekki hafa verið lagða áherslu á það en telur mikla þörf á slíkri kennslu. Hann nefnir námskeið sem atvinnulaus ungmenni geti tekið í Hinu Húsinu sem heitir Vítamín og gengur út á valdeflingu ungs fólks. „Það ætti að vera þannig að allir færu í þetta einhvern tíma því það er svo margt sem hægt er að læra af þessu“. Hann segist hafa verið þrjár vikur á námskeiðinu sem hafi haft jákvæð áhrif á hann. Fyrir námskeiðið hafi hann verið neikvæður, atvinnulaus og utan skóla. Námskeiðið hefur sýnt honum að hann er ekki einn í þessari stöðu og að þjóðfélagið á að geta verið mikið betra. Hann ítrekar að þetta námskeið gæti verið góð viðbót við grunnskólann og að fólk kæmi örugglega betur undirbúið fyrir framhaldsnám ef svo væri.

Viðmælandi sem lýsir sér sem slökum námsmanni framan af segist hafa fengið áhuga á nokkrum fögum undir lok grunnskólans og gengið þá ágætlega í þeim. Í öðrum fögum hafi honum ekki gengið vel og fengið falleinkunn í þeim til dæmis hafi hann fengið einn í samræmdum prófum í stærðfræði sem hann hafði ekki áhuga á. Hann var spurður hvort skólinn hefði ekki gripið til aðgerða vegna þessa en hann man ekki til þess en telur ástæðuna fyrir því að áhuginn sé svona lítill fyrir stærðfræði af því hann eigi erfitt með að einbeita sér og sé með athyglisbrest, ef hann þurfi að lesa dæmi þá nái hann ekki að lesa sig í gegnum það án þess að byrja að hugsa um eitthvað annað. Viðkomandi getur ekki tekið undir að grunnskólinn hafi styrkt sjálfsmynd sína. Hann hafi alltaf lítið á sig sem „skrýtna gaurinn“ og hann man ekki eftir fræðslu um líkamlega og andlega heilsu en að það hafi...

*...verið mikið um svona prógrömm eins og hættu áður en þú byrjar og eitthvað svona rugl og hvert ár skiptir máli. Eitthvað svona probaganda bull sem náði bara alls ekki inn... mér fannst það bara kjánalegt og maður var svona, ja tók bara ekkert mark á þessu.*

Annar viðmælandi telur að grunnskólinn hafi ekki undirbúið sig vel fyrir þær breytingar sem urðu við að hefja framhaldsnám. Hann segir: „...aðrir hafa kannski verið vel undirbúnir, en ég og fleiri vissum ekkert hvað var að fara að taka við“. Hann segir að það hafi verið alið á hræðsluáróðri um að ekkert yrði úr þeim nema þau færu í framhaldsskóla og að þau yrðu að velja strax það sem þau ætluðu sér að verða í framtíðinni. Þess vegna hafi hann valið verknámsskóla en ekki fjölbraut strax að loknum 10. bekk. Í verknáminu var hann búinn að missa áhuga á efninu eftir einn og hálfan mánuð og fór þá að eyða meiri tíma í að hanga með vinunum á daginn í stað þess að mæta í tíma. Hann hætti svo í skólanum og fór að vinna. Honum fannst hann lítið sem ekkert kunna á skólakerfið og námslega stóð hann illa. Viðmælandinn segir að það námsefni sem hann hafði áhuga á í grunnskóla hafi reynst honum auðvelt en svo hafi það efni sem ekki vakti áhuga hans verið erfiðara. Þannig að einkunnir hans voru góðar í þeim fögum sem honum þótti áhugaverð en slæmar þar sem ekki hafði tekist að vekja áhuga hans. Hann segist hafa reynt að fylgjast vel með en það hafi verið erfitt og margt sem gat dregið hugann burt frá námsefninu. Það hefði verið nóg að einhver væri að stappa niður fætinum þá var hann hættur að fylgjast með og búinn að missa þráðinn. Hann hefur aldrei farið í greiningu vegna athyglisbrest. Hann segist muna eftir því þegar beðið var um að fá að senda hann í greiningu, en þá hafi móðir hans stoppaði það. Aðspurður um hvers vegna hún hefði stoppað það segir viðmælandi: „það er aldrei neitt að hjá henni“. Þegar hann hugsar til baka er hann sannfærður um að hann eigi við einhverja námsörðuleika að stríða. Það byggir hann á þeirri staðreynd að hann gat illa haldið athyglinni í tímum. Hann telur einnig að einkunnir sýni það vel þar sem þær voru annaðhvort mjög góðar eða mjög slæmar.

Aðspurður um hvort hann hafi haft sterka sjálfsmynd segir hann að svo hafi ekki verið. Honum fannst grunnskólinn ekki gera mikið til að fræða krakkana um andlega- og líkamlega heilsu sína. Hann mætti í leikfimitíma til þess að fá skráða mætingu en sat svo allan tímann án þess að hreyfa sig út í horni. Hann tók aldrei með sér íþróttafatnað eða önnur föt sem hann gæti skipt um og notað í leikfimitíma. Hann segir sig hafa verið þunglyndan í grunnskóla og lokað sig mikið af á tímabili. Hann segir að krakkarnir í hans skóla hafi enga fræðslu fengið um sálræna- og líkamlega heilsu né að gagngert hafi verið reynt að styrkja börnin. Því hafi hann til dæmis lítið vitað um þunglyndi þó hann hafi talið sig glíma við það og reyndin sé sú



að hann viti ekki hvort um raunverulegt þunglyndi hafi verið að ræða. Lífsleikni var kennd í skólanum en hafði að hans mati ekki gert honum mikið gagn.

Einn viðmælanda segist hafa verið með góða einkunnir fram í áttunda bekk en eftir það lærði hann aldrei meira en hann þurfti og passaði bara uppá að ná. Þess vegna fannst honum restin af grunnskólanum vera auðveld og samræmdum prófum náði hann. Hann segist ekkert hafa verið undirbúinn fyrir framhaldsnám eftir grunnskóla. Hann vissi ekkert hvernig framhaldsskólar virkuðu og hvað þá í útlöndum eins og hann stefndi að. Hann segir að námið sem hann fór í hafi verið svo allt öðruvísi að ekki sé hægt að bera það saman og hann geti það í raun ekki. Aðspurður um hvort grunnskólinn hafi eitthvað lagt uppúr að fræða hann um andlega- og líkamlega heilsu eða sjálfsstyrkingu segir hann að eina sem hann minnst í sambandi við það sé að það skapaðist hræðsla hjá honum við fíkniefni þegar rætt var um notkun þeirra en forvitnin var hræðslunni yfirsterkari og hann varð að kanna það sjálfur hvort það væri rétt sem hefði verið sagt.

Annar viðmælandi sem einnig náði öllum samræmdu prófunum tekur undir það að grunnskólinn hafi ekki undirbúið nemendur undir framhaldsnám. Hann segir ekki neina áherslu hafa verið lagða á að styrkja sjálfsmýnd hans eða fræða hann um líkamlega og andlega heilsu. Krakkarnir hafi komist upp með læti, truflun og óásættanlega hegðun. Þau sögðu kennurum stríð á hendur. Hann segir:

*Krakkar sem voru óþægir og erfiðir voru bara settir til hliðar í stað þess að reyna að kenna þeim rétta hegðun. Þannig sköpuðust oft aðstæður sem börn upplifðu sem stríð við kennarann og skólann... þannig var það í mínum vinalóp. Það voru þarna einstaka kennarar sem kunnu á aðstæðurnar og fengu krakkana til að haga sér vel en flestir voru þannig að við áttum í stríði við þá.*

Annar viðmælandi segir að þegar hann hugsar til baka sé grunnskólinn oft litaður af einelti og félagslegum erfiðleikum og að hann hafi ekki undirbúið sig vel fyrir framhaldsnám. Hann telur grunnskólann ekki hafa frætt nemendur um heilsutengd málefni, það hafi verið kenndar íþróttir í skólanum en þeir sem vildu ekki vera með voru ekki skikkaðir til þátttöku, þeim var bara leyft að hafa það eins og þau vildu. Ekkert var kennt sérstaklega um andlega - og líkamlega heilsu.

Enginn viðmælanda taldi grunnskóla hafa búið þá vel undir nám í framhaldsskóla. Einn viðmælandi nefndir jákvæðan stuðning námsráðgjafa en fleiri nefna skort á uppbyggilegum stuðningi. Flestir viðmælanda könnuðust ekki við fræðslu um andlega- og líkamlega heilsu.

### **Fjölskyldur viðmælanda**

Fjölskyldan leikur stór hlutverk í lífi viðmælanda og búa flestir enn í foreldra húsum. Margir viðmælanda lýsa vaxandi erfiðleikum vegna fjölskylduaðstæðna, ýmist vegna félagslegra eða fjárhagslegra erfiðleika.

Einn viðmælanda sem býr heima hjá móður sinni og systkinum telur sig knúinn til að flytja út frá móður sinni þar sem plássið er lítið og hann álitur sig vera fyrir. Mamma hans deilir þeirri skoðun og vill að hann fari að standa á eigin fótum. Viðmælandi segir samband sitt og móður sinnar stirt og einkennast af afskiptaleysi og segir:

*Við tölum aldrei saman um neitt svona sérstakt og mér finnst hún ekki hafa staðið sig neitt vel sem móðir og ég held, finnst mér svona innst inni vera frekar reiður út í hana.*

Faðir hans býr erlendis og eru tengslin á milli þeirra feðga lítil en samt ágæt, en hann getur ekki stutt son sinn fjárhagslega. Fjölskyldunetið er gisið og viðmælandi telur sig ekki geta leitað til eða rætt við neinn af ættmönnum sínum. Tengsl við afa og ömmur eru ekki til staðar og ekki heldur frændur eða frænkur sem hægt er að leita ráða hjá eða ræða við. Móðir viðmælanda hefur ekki svigrúm til að styðja hann til náms í framhaldsskóla. Hann nefnir að vegna þess hve lítið af pening þau hafi á heimilinu sé keyptur ódýrari og lélegri matur en annars hefði verið gert. Honum finnst hann orkulaus og slappur og bendir á að „...svo er það bara vegna lélegu fjölskylduaðstæðna heima þá er maður bara með lélega orku í hausnum, líka bara“.

Aðrir viðmælendur lýstu svipaðri stöðu, búa hjá einstæðri móður og eiga feður sem þeir hafa lítið samband við og geta ekki stutt þá til náms. Annar viðmælandi sem býr hjá móður lýsir litlu sambandi við föður, sem reyni að greiða upp í bókakaup og skólagjöld. Viðmælandi fer ekki í heimsókn til föður síns nema tilneyddur. Hann hefur aldrei farið í heimsókn til hans og fjölskyldu hans til að spjalla og hlær að tilhugsuninni. Viðmælandi telur að faðir sinn vilji hjálpa meira en að hann þurfi þá að biðja um hjálpina. Það vill viðmælandi ekki gera og segir:

*Hann sagði mér á síðustu önn að hann vildi endilega geta gert eitthvað meira fyrir mig til að létta undir fjárhagslega en því miður hafi hann ekki peninga til þess.... hann gaf samt yngri systkinum mínum dýra síma í sumargjöf á sama tíma og hann var að segja mér hve mikið hann vildi geta hjálpað mér.*

Í þessu tilviki er einnig um gisið fjölskyldunet að ræða, ein amma er á lífi sem viðmælandi leitar ráða hjá og talar stundum við. Hún hefur ekki burði til að aðstoða hann fjárhagslega en veitir góðan stuðning með hvatningu og ráðum.

Viðmælandi sem býr með foreldrum sem bæði eiga við geðræna erfiðleika að etja lýsir mikilli einangrun fjölskyldunnar. Fjölskyldunetið er veikt, afar og ömmur látin og lítil samskipti við aðra fjölskyldumeðlimi en ástæður þess má rekja til veikinda foreldra. Aðspurður hvort hann hafi fengið góðan stuðning heima fyrir segir hann að það hafi ekkert verið fylgst með honum og foreldrar hans hafi lítið spurt hann um skólann og hvernig honum gengi þar. Hvatning frá foreldrum var ekki heldur til staðar og þegar hann tók ákvörðun um að hætta í námi þá voru það systkini sem báðu hann um að gefast ekki upp en foreldrarnir sögðu ekkert. Viðmælandi segir aðspurður að hann vildi gjarna fá einhvern stuðning við námið og að takast á við það að vera í skóla. Hann hefur ekki neinar hugmyndir um hvernig hann geti sótt sér stuðning. Hann veit að fjölskylda hans er frekar öðruvísi en flestar fjölskyldur og veit heldur ekki hvernig öðruvísi fjölskyldulíf er. Hann hefur aldrei velt því fyrir sér hvort að hann þurfi einhverja hjálp við að takast á við geðraskanir foreldra sinna en telur að kannski gætu ráðgjafar í skólanum stutt hann á einhvern hátt. Spurður um hvert hann geti leitað eftir aðstoð við að setja sér markmið og stefnu í náminu segir viðmælandi að það væri þá helst eitt systkini sem hefur lokið framhaldsskólanámi.

Fleiri viðmælendur lýstu svipuðum aðstæðum eða þeim að ekki hafi verið um neinn stuðning eða hvatningu að ræða frá fjölskyldu. Einn viðmælanda sem býr hjá einstæðri móður fékk inngöngu í framhaldsskóla daginn áður en skólinn átti að hefjast. Þá náði hann að skrapa saman 10.000 krónum fyrir innritunargjaldi frá vinahópnum þar sem móðir hans gat ekki aðstoðað. Viðmælandi átti ekki heldur fyrir námsbókum. Hann leitaði til móður sinnar sem gat ekki aðstoðað hann, átti ekki peninga til þess. Breytingarnar í þjóðfélaginu hafi haft í för með sér að móðir hans fékk minni vinnu og hefur minna á milli handanna og hann segir:

*..hún breyttist mikið, hún fór að vera bara inni, heima og drekka mikið. Hún var alltaf metnaðargjörn og allt þannig en hún var alveg hætt því og bara.. hún hafði alveg getað látið mig hafa pening en það er ekki hægt núna.*

Aðrir viðmælendur lýsa mikilli hvatningu frá fjölskyldu til að stunda nám, til dæmis viðmælandi af erlendu bergi brotinn sem segir fjölskyldu sína leggja mikið uppúr því að hann mennti sig. Annar viðmælanda lýsir stuðningi foreldra, segir hann birtast meira sem þrýsting: “...Ef þú heldur ekki áfram í skóla þá ferðu bara að vinna á Olís.. viltu það?”.

Eins og fram kom í sögu viðmælanda sem ekki gat greitt skólagjöld á réttum tíma þá getur þéttur vinahópur einnig verið mjög styðjandi. Viðmælandi segir vinina standa saman og styðja hvern annan í gegnum súrt og sætt. Hann telur vinahópurinn vera sterkt net og jafnist á við fjölskyldu fyrir sig.

Fjölskylduaðstæður viðmælendanna eru með ýmsu móti en einkennandi er að erfiðar félagslegar aðstæður hafa áhrif á möguleika fjölskyldnanna til að veita stuðning og hvatningu. Í mörgum tilvikum er um að ræða fjölskyldur sem ekki hafa mikil samskipti við aðra ættingja eða að þeim er ekki til að dreifa. Í þeim tilvikum þar sem viðmælendur eiga feður sem ekki búa á heimili þeirra þá gegna þeir mjög litlu hlutverki í lífi barna sinna.

### **Áhugamál og lífsstíll**

Í viðtölunum komu fram upplýsingar um ólík viðhorf ungmennanna til heilbrigðs lífvernis. Áhugamál þeirra eru ólík og hafa þau mismikil tækifæri til að sinna þeim. Viðmælendur ræða einnig um sýn sína á vímuefni.

Einn viðmælandi drekkur hvorki né reykir né neytir annarra vímuefna. Í fjölskyldu hans eru ættingjar sem eru í vímuefnaneyslu og hann þekkir afleiðingar þess af eigin raun. Þetta á við um fleiri viðmælendur sem hafa átt ættingja sem hafa lent í erfiðleikum vegna vímuefnaneyslu. Þessi viðmælandi hefur áhuga á íþróttum en mikil kostnaður hefur þau áhrif að hann getur ekki stundað íþróttir af jafnmiklu kappi og hann vildi. Með því að ráða sig til starfa við íþróttagrein getur viðmælandi stundað hana jafnhliða og á ódýrari hátt.

Annar viðmælandi drekkur áfengi tvisvar til þrisvar í mánuði og reykir þá sígarettur. Hann segist hafa hætt síðastliðið vor og farið að vinna á fullu og safna sér fyrir sérskóla sem er dýr en þar hyggur hann á nám í framtíðinni. Hann hefur aldrei neytt eiturfylfja og hefur ekki

löngun til þess að prófa. Hann stundaði ræktina hérna áður fyrr en eftir að hann hætti í skólanum og varð atvinnulaus hefur hann ekkert æft. Hann saknar þess þó og vildi gjarna geta leyft sér það. Hann getur ekki stundað áhugamál sitt sem stendur en er að leita sér að aðstöðu til þess.

Einn viðmælenda segist hafa nokkur áhugamál. Hann hefur ágætis tíma til að sinna áhugamálum sínum, þar sem hann er atvinnulaus en þarf oft að beita sig hörku til að nenna að gera eitthvað. Hann segist mikla fyrir sér að gera hlutina og bara það að koma sér út úr húsi geti tekið á. Hann byrjaði að reykja og drekka 15 ára og reykja kannabis 16 ára. Hann segist hættur allri vímuefnaneyslu því hann sé kominn á þunglyndislyf og megi ekki drekka áfengi ofan í lyfin. Hann glímdi við sjálfsvígshugsannir og ágerðust þær þegar hann drakk, en hann taldi kannabis reykingar ekki hafa verið áhrifaþátt hvað þunglyndið varðar. Hann ákvað að lokum að leita sér hjálpar hjá lækni og samþykkti að fara á lyf.

Annar viðmælandi hefur áhuga á líkamsrækt og íþróttum en hefur ekki peninga til að borga fyrir það að æfa. Hann reykir ekki en hefur prófað nokkrum sinnum að reykja kannabis og segir það ekki hafa náð neitt sér staklega til sín og vina sinna. Hann drekkur áfengi og hefur gaman af því að fara út og skemmta sér og reynir að gera það reglulega. Hann segist samt fullmeðvitaður um að hann verður að einbeita sér að skólanum og slaka á í djamminu svo að hann nái skólanum.

Annar viðmælandi sagðist hafa byrjaði að drekka rétt eftir að hann varð 11 ára. Hann segir að það hafi verið auðvelt að taka ákvörðun um að byrja þar sem aðgengið var svo gott að áfengi í umhverfi hans. Hann lenti oft í slagsmálum og leiðinlegum uppákomum. Hann hafi hætt að drekka áfengi og byrjað þess í stað að reykja hass áður en hann fór í 10. bekk og við það hafi hann róast alveg. Hann reykir sígarettur en kannabis reykir vinahópur hans saman þegar eitthvað sérstakt tilefni er til. Viðmælandi hefur prófað harðari efni en telur þau ekki æskileg. Viðmælandinn telur sig geta lagt alla vímugjafa til hliðar komist hann í skóla. Hann er sannfærður um það og segir að það gangi ekki fyrir hann að verða 20 ára og komast ekkert úr sporunum. Áhugamál þessa viðmælanda eru helst tölvur og það sem viðkemur þeim. Hann segist vera flinkur að vinna á tölvur og svo svalar tölvan einnig þörf hans fyrir að spila tölvuleiki. Hann hefur góðan aðgang að tölvu og getur því sinnt áhugamálinu vel. Hann hefur stundað íþróttir en hefur ekki efni á að vera að æfa neitt í dag og því hefur hann hætt.

Áhugamál eins viðmælandans eru á sviði listgreina en hann hyggst leggja stunda á þær. Sá viðmælandi notar stundum vímugjafa. Aðspurður um hvort neysla hans á vímugjöfum samræmist væntingum sem hann gerir um áframhaldandi nám segir hann svo vera og segir:

*En ég hef kynnt mér skaðsemina og er meðvitaður um að dagreykingar gera mann bara heimskan og að svona ávexti. Ég reyki bara svona við ákveðin tækifæri... ég reyni að gera allt í hófi.*

Einn viðmælanda reyndist vera í erfiðum fráhvörfum eftir fimm daga sukkhelgi. „En ég er samt bara kominn að þeim tímapunkti að, þegar ég verð að fara snúa lífi mínu við ef ég ætla að eiga einhvern séns“. Hann svarar spurningu um hvort honum finnst það virkilega sjálfum með því að segja: „Ég er ekki neinn hálfviti, ég sé hvernig þetta er að fara með fólk í kring um mig, kannski ekki kannabis en amfetamín og harðari efni“. Hann telur að hann þyrfti helst að komast í einhverja líkamsrækt og svo í framhaldi af því að vinna vel í sínum málum.

Ítrekað kemur fram í viðtölunum að viðmælandur geta ekki sinnt líkamsrækt og íþróttum vegna mikils kostnaðar. Einnig lýsa viðmælandur sem eru án atvinnu að þeir eigi erfitt með að hafa sig í að gera hluti og stunda áhugamál sín. Einn viðmælandi er bindindismaður en aðrir hafa prófað einhver vímuefni. Þeir lýsa misjafnri reynslu af þeim, en allir virðast þeirrar skoðunar að neysla vímuefna geti haft neikvæð áhrif á námsgöngu.

### **Framhaldsskólaganga**

Viðmælandur hafa í flestum tilvikum átt slitrótta framhaldsskólagöngu. Þeir hafa allir sótt um skóla eða hyggja á nám eins fljótt og mögulegt er. Í viðtölunum kemur fram að félagslegar aðstæður hafa mikil áhrif á gengi þeirra í framhaldsskóla þó hver hafi ólíka sögu að segja.

Flestir viðmælanda hófu nám í framhaldsskóla að loknum grunnskóla. Einn viðmælanda sagði skólagöngu sína hafa gengið vel fyrstu önnina. Hann varð að vinna mikið með skólanum og á annarri önninni fór það að segja til sín. Hann hafði ekki orku til að sinna skólanum vegna vinnunnar. Þá hafi aðstæður heima fyrir ekki boðið uppá frið til að læra, hann hafi þurft aðstoð við heimanámið sem hann gat ekki fengið. Hann leitaði sér ekki aðstoðar innan skólans vegna þess. Hann var einnig í vafa um námsval og þar kom að því að honum fannst námsframboð framhaldsskólans ekki áhugavert og ekkert í boði þar sem honum gæti hugnast að starfa við í framtíðinni, svo hann hætti. Aðspurður um hvort hann hafi

einhverntíma leitað sér ráðgjafar hjá skólanum eða utanaðkomandi aðilla um hvernig hann ætti að takast á við aðstæður sínar segist hann alltaf reyna að leysa sín mál sjálfur og reikni með að gera það áfram. Hann segir að sér sé kunnugt um að í skólanum starfi námsráðgjafar og að hægt sé að sækja ráðgjöf víðar. Viðmælandinn hefur nú sótt um skólavist í öðrum framhaldsskóla þar sem hann telur að gerðar séu minni kröfur um heimanám. Hann hefur þó áhyggjur af fjármálum og því sé enn óvíst hvort hann geti hafið námið í haust.

Annar viðmælandi hefur stundað nám í framhaldsskóla óslitið og hyggst ljúka stúdentsprófi. Hann segist geta sótt aðstoð í framhaldsskólanum hjá sérkennurum eða í stuðningstímum í ákveðnum greinum ef honum finnst námið erfitt og telji sig ekki ráða við það. Viðmælandinn hefur ekki enn þurft á sérúrræðum skólans að halda, en hann veit að móðir hans hefur sótt um fjárstuðning vegna hans svo hann geti stundað nám í framhaldsskóla.

Viðmælandi sem hafði gengið mjög illa í stærðfræði byrjaði á að taka sérstakan falláfanga sem var ætlaður þeim sem höfðu fallið í grunnskóla og var því í tveimur stærðfræðiáföngum á fyrsta misseri. Hann segir umsjónarkennara hafa fylgst vel með nemendum, kallað þá hvern og einn til funda til að spyrja hvernig gengi. Þetta hafi verið gott aðhald og góður stuðningur. Þrátt fyrir þetta féll hann og telur ástæðurnar hafa verið hans eigin leti. Viðkomandi er nú atvinnulaus en hefur hug á að reyna aftur við framhaldsskóla.

Í kafla um fjölskyldur var sagt frá viðmælanda sem var boðinn vist í framhaldsskóla með dags fyrirvara og vinirnir komu honum til bjargar með innritunargjaldið en hann gat ekki útvegað sér peninga til að kaupa bækur. Hann hafði ekki haft með sér bækur í um það bil einn mánuð þegar honum fannst þetta ekki ganga lengur. Hann fann til vanmáttar að vera bókalaus allan þennan tíma og fann líka að kennarar voru farnir að veita því eftirtekt. Hann gafst upp og ætlaði að hætta en námsráðgjafi sagði honum frá presti sem væri að styrkja skólafólk til bókakaupa. Hann fór á fund prestsins en þá var það orðið of seint og úthlutun hætt. Þessi viðmælandi er ekki á leiðinni í skóla aftur í haust þar sem honum var neitað um skólavist á grundvelli þess að hann hafi hætt á síðustu önn. Hann vill ekki meina að hann hafi formlega hætt, hann hafi bara ekki getað verið lengur í tímum án bóka og námsgagna og það hafi verið of óþægilegt. Aðspurður um hvort hann hafi látið einhvern vita segir hann ekki svo hafa verið, hann hafi ekki viljað ræða það neitt sérstaklega við fólk. Hann hætti bara að mæta. Svárið sem hann fékk frá skólanum þegar honum var synjað um skólavist var á þá leið að skólastjórninni væri það óhjákvæmilegt annað en að synja honum um skólavist vegna

mætingar á síðustu önn. Hann segir enn fremur að ekki hafi verið um frekari ráðleggingar að ræða eftir að sótt hafði verið til prestsins eftir bókastyrk. Aðspurður um hvað honum finnist um þessi svör segir hann:

*Ég náttúrulega hætti að mæta þarna bara, ég skráði mig ekki einu sinni úr, bara hætti. Áður en síðasta önn kláraðist hringdi umsjónarkennarinn í mig og spurði hvort mig langaði að taka prófin, hún hafði orðið vör við að ég var aldrei með bækurnar og þetta. Hún spjallaði líka við mig um næstu önn og þá hélt ég að ég væri inni þá... en ég tók ekki prófin, treysti mér bara ekkert í það. Ég hefði bara ekkert vitað, þú veist, ég hafði ekki lesið neitt af námsefninu.*

Viðkomandi talaði við námsráðgjafann sem hafði bent honum á prestinn en sagði ekki neitt um aðstæður sínar. Hann segir námsráðgjafann hafa vitað um vandræði hans með bækurnar en ekkert um aðrar aðstæður hans. Hann viti ekki hvort það hefði skipt máli en hann vildi lítið tala um aðstæður sínar þá. Hann talaði ekki við annan aðila frá skólanum og ekki neinn yfir höfuð.

Einn viðmælandi tók hluta framhaldsskólanámsins við erlendan framhaldsskóla og gekk vel. Þegar heim kom var nám hans metið við íslenska framhaldsskóla. Hann var atvinnulaus þegar hann byrjaði námið hér en vegna reglna um leyfilegan einingafjölda í námi hjá atvinnuleysistryggingum missti hann þær á miðri önn. Hann var þá peningalaus og án aðstoðar frá fjölskyldu og hætti að mæta í skólann. Hann segist því lítið eiga eftir af náminu en verra sé að hann fær ekki vist í skóla, honum sé hafnað. Hann telur að það sé vegna þess að hann lét ekki vita þegar hann hætti að mæta síðast. Hann var of seinn að sækja um í fjarnám og bað um að mál hans yrðu skoðuð aftur en það breytti engu, hann fékk ekki að fara í fjarnám. Aðspurður um hvort hann hafi sagt námsráðgjafa eða komið upplýsingum um félagslegar aðstæður sínar til skólans segist hann ekki halda að svo hafi verið. Viðkomandi sér því ekki fram á að ljúka stúdentsprófi þrátt fyrir að vanti örfáar einingar til að ljúka því og kemst því ekki áfram í háskólanám.

Einn af viðmælendum kláraði fyrsta ár í framhaldsskóla og skipti þá um braut. Honum leiddist námið og hætti. Hann byrjaði svo aftur í nýjum framhaldsskóla á síðustu önn og náði sjö einingum. Hann telur sjálfur að lélegar mætingar á síðustu önn hafi átt stærsta þáttinn í að einingarnar voru ekki fleiri en sjö en að kannabisreykingar hafi einnig haft áhrif á ástundun. Honum var tilkynnt í lok annarinnar að hann fengi ekki skólapláss næsta haust þar



sem hann hefði aðeins lokið við sjö einingar. Hann ætlaði að reyna að malda í móinn en hafði ekki erindi sem erfiði. Aðspurður segir viðmælandinn að enginn hafi boðið aðstoð eða bent honum á að hann væri að falla á mætingu. Ekkert hafi verið sagt fyrr en honum var tjáð að hann fengi ekki skólavist í haust.

Móðir hans vill að hann haldi áfram námi og hún sé hrædd um að hann festist á bótum ef hann kemst ekki fljótlega inn. Móðir hans vill að hann sæki vinnu með skóla og afli sér tekna á meðan á námi stendur. Viðkomandi telur sig samt ekki geta tekið sig á í námi ef hann á líka að vinna með skóla. Hann er sammála móður sinni um mikilvægi menntunar en honum finnst sem skólakerfið sé samt ekki hannað til að taka á einstaklingum eins og honum. Það séu allir settir í sama pappakassann og stillt upp við sama færibaldið. Hann vill helst að einstaklingurinn fái að læra það sem áhugi hans fellur að, með því móti myndi hann frekar mæta í tíma og halda sig við efnið. Allt of mikið af tíma hans fari í að læra eitthvað sem áhugi hans nær ekki til, það eru tímarnir sem hann sleppir og þá fer mætingin hjá honum niður. Hann telur alla geta lært allt sem þeir vilja en hann tekur það fram að eina sem standi í vegi fyrir honum núna sé hann sjálfur.

Annar viðmælandi er atvinnulaus en hefur fengið skólavist í haust. Hann hefur engu að síður áhyggjur af því að geta ekki hafið námið þar sem atvinnuleysistryggingar sem hann á rétt á duga ekki til að safna þeim peningum sem þarf, þar sem móðir hans hefur tjáð honum að hann verði að flytja að heiman. Hann þekkir til annarra fjölskyldna þar sem fólk búi heima til 23ja ára aldurs hjá foreldrum sínum án vandræða og finnst leitt að mamma sín geti ekki stutt sig á sama hátt, en þannig er þetta bara bætir hann við.

Reynsla viðmælenda af framhaldsskólanum er nokkuð ólík, einn viðmælandi er að ljúka stúdentsprófi annar er mjög nálægt því en hinir hafa hætt eða ekki átt kost á að halda áfram námi af ólíkum ástæðum. Samspil erfiðra félagslegra aðstæðna og námserfiðleika og stundum vímuefnaneyslu virðast hafa hindrað ungmennin í skólagöngu sinni. Af lýsingum viðmælenda má þó vera ljóst að ef framhaldsskólinn þekkti betur til félagslegra aðstæðna þeirra þá væri hægt að beita ýmsum stuðningsúrræðum sem ekki hafa nýst viðmælendum sem skyldi. Í næsta kafla er rætt nánar um þessi atriði.

## Stuðningur til náms

Hvaða stuðning hafa viðmælendur sótt og hvaða stuðningur finnst þeim mikilvægt að standi þeim til boða?

Einn viðmælenda hefur hug á að sækja um námsaðstoð frá Velferðarsviði sem hann telur að muni geta framfleytt honum í náminu. Hann hefur samt ekki kannað það til hlítar hvort sá möguleiki sé fyrir hendi. Aðspurður hvort einhver skilyrði eru fyrir því að fá styrk frá sveitarfélaginu svarar hann:

*Ekki svo ég viti sko, eða jú maður fær hann ekki nema maður sé í ákveðnum aðstæðum... maður þarf að sækja um fyrir hverja önn en ég veit ekki hvernig þetta virkar í sambandi við námsframvindu...*

Hann hefur fengið leyfi til að hefja nám í haust og hefur verið tjáð að það sé hans síðasti séns í þeim framhaldsskóla. Hann komist örugglega ekki aftur inn. Hann telur sig ekki hafa orku til að vinna með skólanum og að hann muni ekki ná prófum ef hann þurfi að vinna með. Hann segist ætla að komast í framhaldsskólann til að auka möguleika sína en hefur ekki enn sem komið er sótt sér frekari styrk til að takast á við námið.

Aðspurður um hvað hann vildi sjá í formi styrkja til að bæta aðstæður ungs fólks sem vill vera í námi svarar hann:

*Það mætti opna aðeins meira fyrir styrki handa fólki sem á erfitt með að mennta sig... gæti verið kannski svona fleiri íbúðarhverfi, stúdentagarðar og mótuneyti. Það er svona það eina sem þarf til að lifa af. Allt annað getur maður aflað sér sjálfur. Aukapening fær maður annarsstaðar svo að það sé ekki verið að þiggja af þeim beina peninga. Ef maður fengi beina peninga myndi maður eyða meira í nammi, bíó, Subway og svoleiðis, meiri drykkja. Þá væri betra að fá þetta bara í mat og húsnæði.*

Einn af viðmælendunum þiggur hjálp frá Hjálparstarfi kirkjunnar og segir það skipta sköpum fyrir skólagöngu sína. Ef ekki væri þessi styrkur þaðan hefði hann ekki efni á að mennta sig. Hann hefur ekki mikla þekkingu á því hvernig þetta virkar því mamma hans hefur séð um þessi mál. Viðkomandi hefur reynt að taka að sér aukastörf og segist vera góður í að spara, eyða aldrei öllu sem maður fær og fara aldrei undir þá upphæð sem maður á. Námið sækist

vel hjá þessum viðmælanda sem segir að einu hindranirnar til að stunda nám séu af fjárhagslegum toga.

Annar viðmælandi þiggur einnig aðstoð frá Hjálparstarfi kirkjunnar. Hann hætti í skólanum en hefur fengið aftur inni og er ákveðinn í að standa undir væntingum sínum. Það þurfti að hafa mikið fyrir því að fá að byrja aftur, hann segist hafa farið á fund til aðstoðarskólastjórans og grátbeðið um það að fá að byrja aftur. Spurður um af hverju hann vilji aftur fara í skóla og hvað sé breytt segir viðkomandi „til að hafa eitthvað í gangi í lífinu, að það sé ekki bara eitthvað tómarúm.. einhver tilgangur“. Hann telur að hann sé nógu einbeittur núna til að takast á við námið og ætlar að sækja sér stuðning hjá námsráðgjafa skólans.

Viðmælandi sem er dottinn út úr námi segist aldrei hafa heyrt um stuðningskerfi fyrir ungt fólk í námi. Aðspurður um hvort hann hafi fengið einhvern stuðning frá einhverjum svo sem ríki, sveitarfélagi eða fjölskyldu segist hann halda að svo hafi ekki verið, hann hefur aldrei heyrt neitt um að einhver eigi að styrkja hann eða sýna honum stuðning. Mamma hans leyfði honum að fá far með sér í skólann þegar hann var þar og hún í vinnu. Hann verður hissa þegar hann er spurður hvort að mamma hans leggi hart að honum að halda áfram skólagöngu og hvetji hann. Hann segir að áður fyrr hafi það verið móðir hans sem ýtti honum af stað í námið en eftir sem hann verður eldri þá hefur hún hætt því og hann meira reynt að vera í skóla á eigin forsendum. Hann ætlaði virkilega að reyna á síðustu önn en aðstæður voru bara þannig að það gekk ekki alveg strax. Nú er hann alveg peningalaus og hefur ekki viljrði um skólavist.

Aðspurður um hvað hann ætli að gera svarar hann því til að hann viti ekki hvað hann eigi að gera. Hann segist hafa unnið svo lítið að hann eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum og þegar hann leitaði til félagsþjónustunnar sögðust þau ætla að hringja en þau höfðu ekki látið heyra frá sér fyrr en rúmlega tveim mánuðum seinna. Hann hefur sótt um atvinnur undanfarið og hélt að hann fengi einhver svör til baka, en engin svör hafa enn borist. Aðspurður um hvort hann sé þá búinn að gefast upp á að finna vinnu og sætta sig við að vera aurlaus segir hann:

*Ég er náttúrulega búinn að vera aurlaus svo lengi, þú veist í eitt og hálf ár að maður hefur eiginlega bara lært að lifa með því.*

Hann segir að hann sjái það vel núna að ef hann fengi stuðning til bókakaupa, skólagjalda og jafnvel smá vinnu þá myndi hann leggja sig allan í að ná góðum árangri.

Einn viðmælanda þurfti að hætta námi til að halda rétti til atvinnuleysistrygginga. Hann segist hafa verið algerlega peningalaus þegar hann var í skólanum og því sótt um atvinnuleysisbætur. Þar hafi hann útskýrt í hvaða stöðu hann var og fengið góða aðstoð sem leiddi meðal annars til þess að hann var ekki settur á bið eftir bótum eins og reglur gera ráð fyrir. Hann sótti um aðstoð hjá Velferðarsviði þegar í ljós kom að hann væri með of margar einingar til að geta verið samtímis með atvinnuleysistryggingar. Hann var boðaður á fund og þegar hann mætti var enginn ráðgjafi sem gat tekið á móti honum. Annar fundur var settur upp og þeim fundi var svo frestað þegar viðmælandi var á leiðinni á fundinn.

Aðspurður um hvort hann hafi fengið einhverjar ráðleggingar um hvar hann gæti sótt um styrk eða stuðning segir viðmælandinn:

*Ég fór aftur í féló og fékk minn eigin félagsráðgjafa, já þarna eftir að ég var búinn að mæta tvisvar og það var ekkert gert í því. Þá mætti ég aftur einhverntíma og þarna talaði við hana þá já hana (...) og hún sagði mér að sem sagt að til þess að fá skólastyrk þá þyrfti ég að hafa lent í einhverju hræðilegu undanfarið í lífinu. Beittur ofbeldi og verið í dópi og í bara neyslu. Það var það sem þurfti til að ég gæti fengið styrk. Mér fannst það bara útúr heiminum“.*

Viðmælandinn segir að þar sem félagsráðgjafanum sem tók hans mál upp hafi ekki þótt hans líf nógu hræðilegt hafi hann ekki fengið skólastyrkinn. Hann leitaði einnig til Vinnumálastofnunnar um styrk en þar sem hann var með 14 einingar í töflu gátu þeir ekki styrkt hann neitt. Með það gafst viðkomandi upp. Aðspurður um hvort einhver hafi bent honum á að leita til kirkjunnar segir hann svo ekki hafa verið. Hann vonar að hann komist í stöðupróf sem fyrst svo að hann geti þá sótt um fjarnám á þeim áföngum sem hann vantar uppá stúdentsprófið.

Einn viðmælanda er atvinnulaus í dag og aðspurður um hvernig hann framfleytir sér segir hann:

*Ég framfleyti mér eiginlega ekki neitt sko, ég er ekkert með eigin íbúð eða neitt. Ég reyni bara að finna vinnu og það gengur ekkert eins og er.*

Aðspurður hvort hann þiggi atvinnuleysisbætur segir hann:

*Ég er ekki ennþá á atvinnuleysisbótum því ég var í skóla fyrir sumarið sko og fæ ekki að koma inn aftur. Þeir segja að árangurinn hafi verið*

*of slakur. Þeir segja bara að þeir eigi ekki möguleika á að hleypa mér inn aftur.*

Móðir viðmælanda er ekki í stakk búin til að láta hann hafa peninga og því hefur hann enga peninga til ráðstöfunar. Aðspurður um hvert hann hafi leitað segist hann hafi farið á félagsþjónustu og vinnumálastofnun. Hann hafi um skamman tíma fengið smá bætur frá vinnumálastofnun áður en hann fór í skólann. Eftir það hefur hann ekki sótt um þar aftur þar sem hann telur að hann eigi engan rétt. Aðspurður um hvað hann ætli að gera nú með haustinu til að fá einhverja peninga milli handanna segist hann geta unnið með skóla ef hann þarf þess en ekki eins og síðast þegar hann vann alla daga. Bara ekki eins mikið og þá. Hann segist ekkert vita um nein stuðningsúrræði fyrir sig. Hann viti að hann geti farið í meðferð en það leysi samt ekki fjárhagsvanda hans og komi ekki til með að gagnast honum, hann hefur enga trú á því. Hann segir:

*Það virðist nú vera þannig að vinnumálastofnun og félag séu ekkert allt of fúsir til að henda í mann peningum og ég hef enga trú einhverju AA eða Vogu eða einhverju þannig. Það þyrfti frekar að fá einhvern group-therapist til að taka allan hópinn og hjálpa mér að átta mig á stöðunni. Það eru náttúrulega vinirnir sem halda manni bæði uppi og niðri.*

Hann telur að það þurfi að vera sameiginleg ákvörðun hans og vina hans um að hætta að reykja og leita hollari lífshátta. Hann segir að það samræmist ekki sínum væntingum til námsins að halda áfram á sömu braut. Hann segist hafa reynt að koma sér af stað í aðra átt og pantaði sér tíma á félag um daginn en missti af honum. Hann þurfi að panta annan.

Annar viðmælandi ræðir sömu áhyggjur, hann telur sig ekki geta unnið með skólanum. Hann veit að hann gæti það bara ekki og myndi þá falla í einhverjum áföngum. Auk þess helst honum illa á peningum og hann telur ekki að það myndi hjálpa honum neitt að vinna með skóla. Hann segist hafa metnað til að klára framhaldsskólann og ætli sér að komast í háskólanám. Hann þiggur styrk frá Hjálparstarfi kirkjunnar og aðspurður um hvort hann þekki til annarra innan stuðningskerfisins segir hann „nei, nei ég er bara þú veist hérna ég átta mig bara ekki á neinu, ég er bara 18 ára“. Hann veit ekki um nein önnur stuðningsúrræði og hefur ekki spáð neitt í það. Móðir hans sér um að fá hjálpina frá Hjálparstarfinu og hann vissi eiginlega bara ekkert um þetta áður en hann fór að tala við móður sína um þetta viðtal vegna rannsóknarinnar.

Almennt þá hafa viðmælendur mjög takmarkaða þekkingu á þeim stuðningi sem gæti staðið þeim til boða. Sú reynsla sem þeir lýsa af úrræðum velferðarkerfisins er frekar neikvæð, þeir sem hafa leitað hafa ekki fengið stuðning sem virkar og enginn viðmælenda nýtur stuðnings félagsráðgjafa til að vinna með innri og ytri hindranir. Viðmælendur lýsa hindrunum, bæði sínum eigin en einnig kerfislegum hindrunum og sá eini sem taldi sig hafa rætt við félagsráðgjafa segir hann hafa sagt að viðkomandi hefði það ekki nógu slæmt til að fá styrk.

### **Framtíðarsýn**

Þrátt fyrir félagslega erfiðleika og ýmsar hindranir hafa allir viðmælendur nokkuð skýra framtíðarsýn og geta allir séð fyrir sér hvernig lífsskilyrði þeir muni búa við eftir 10 ár. Viðmælendur ræddu um úrræði sem þeir teldu að myndu gagnast ungu fólki í svipaðri stöðu og þeir eru sjálfir í.

Einn viðmælenda ætlar að flytja að heiman og halda áfram námi. Hann ætlar að vinna og safna sér peningum til að geta kostað það nám. Markmiðssetning í námi er eitthvað sem hann hefur aldrei hugsað um. Aðspurður hvort markmiðssetning sé eitthvað sem hann vilji fá aðstoð við eða ráðgjöf segist hann sjái bara um sín markmið sjálfur. Hann er spurður um hvað hann vilji leggja af mörkum til að ná fram þeirri menntun sem hann sækist eftir sem er að mati hans frekar dýr. Hann segist hafa hætt síðastliðið vor í skóla til að byrja að vinna á fullu og safna sér fyrir náminu en það hafi bara ekki gengið upp að fá vinnu. Þess vegna hafi hann endað á atvinnuleysisbótum og námið verið sett á bið. Aðspurður um framtíðarsýn eftir 10-15 ár segist viðkomandi verða í góðu sambandi við vini sína og hafa jafnvel fundið kærustu. Eigi góða íbúð einhversstaðar. Vinni við sitt fag og kannski hafa fundið hjá sér áhuga á einhverju öðru til að geta framfleytt sér. Hann vonast einnig til að geta farið erlendis í framhaldsnám og þá lært meira í sinni grein. Hann er spurður að því hvort hann telji líkur á að framtíðin verði eftir hans vonum og væntingum og hvort hann sé bjartsýnn eða svartsýnn. Hann segir

*Ég hef aldrei þælt í því sko, ætli maður.. er maður ekki alltaf að reyna að þrauka. Ég held að ef ég náí að komast í gegnum námið þá eigi ég bara góðan séns á því, ég er bjartsýnn bara. Svo lengi sem ég næ að fá þessa styrki þá er ég bjartsýnn.*

Að hans sögn er andleg staða hans í dag ekkert góð en það hjálpi til að það er bjart úti og skammdegið er ekki til staðar til að draga hann lengra niður.

Annar viðmælandi er einnig atvinnulaus í sumar, vinna sem honum hafði verið lofað brást á síðustu stundu og þá var of seint að sækja um á öðrum stöðum. Hann segir þetta koma sér illa fyrir námið því hann hafi ætlað að safna sér fyrir tölvu þar sem tölvun er hrugin. Hann segir:

*Það er nú betra að borga krökkum sem eru orðin 18 ára einhvern pening held ég og hjálpa þeim þannig í skóla frekar heldur en þau fari á atvinnuleysisbætur... og geri ekkert. Það hefur líka áhrif um leið á krakkana ef þau þurfa alltaf að vera að vinna með skóla. Það er miklu erfiðara fyrir mig að standa mig vel í náminu þegar ég er með fulla töflu í skólanum og fer síðan beint að vinna. Það fer mikill tími í að reyna að vinna mér inn pening til að eiga með skólanum. En það er bara nauðsynlegt út af því hvernig ástandið er heima.*

Viðmælandi telur að ef hann gæti fengið skólalstyrk sem gerði honum kleyft að sleppa vinnu með skóla myndi það skila sér í að hann legði sig enn meira fram við námið.

Um framtíðina, vonir og væntingar segir viðmælandi að hann vilji helst vera kominn í eigin íbúð og vera að sinna sínum áhugamálum. Hann vill vera í góðu sambandi við vini og fjölskyldu en barnlaus. Hann leggur áherslu á að hann hafi skýr markmið sem hann ætli að ná. Reynsla ættingja sem hafa stofnað fjölskyldu ungir og horfið frá námi eru honum hvatning til að gera vel því hann vill ekki feta sömu braut. Hann ætlar í háskólanám og hefur ákveðið í hvaða grein.

Einn viðmælanda hefur sumarstarf sem felst í aukavöktum. Hann borgar aðeins heim með því að stoppa annað slagið í Bónus og versla eitthvað sem hann veit að vantar. Hann lætur ekki mikið upp um hvernig hann sér fyrir sér framtíðina en veit að hann vill verða sálfræðingur og telur sig verða góðan í því vegna þeirra aðstæðna sem hann ólst upp við. Hann hefur samt ekki lagt það upp fyrir sig hvað þurfi til að ná þeim áfanga og í raun ekki farinn að spá mikið í háskólanám. Framtíðarsýnin er að hann hafi góða vinnu og búi í eigin húsnæði og eignist einhvern tíma börn. Hann vill hafa tíma til að sinna áhugamálum og fara í ræktina.

Einn viðmælanda hefur ekki fengið vinnu og er algjörlega tekjulaus. Hann fær heldur ekki vasapeninga frá fjölskyldu og þegar hann er spurður um hvernig hann framfleyti sér þá segir hann að það sé stundum kvöldmat heima hjá honum (býr hjá móður). Aðspurður um framtíðarsýn um stöðuna eftir 10-15 ár segist hann vilja eiga sömu vinina og vera kominn í

eigið húsnæði. Hann vill ekki eignast barn fyrr en hann hefur lokið námi og komist í stöðugar aðstæður, hann vill hafa efni á að eiga börn. Það yrði þó ekki fyrr en eftir þrítugt. Hann er ekki bjartsýnn á að það takist í ljósi þess hvernig líf hans hefur þróast síðasta árið.

Annar viðmælandi hefur verið í vinnu síðustu vikur en hætti vegna ítrekaðrar brota vinnuveitenda á vinnulöggjöfinni og samningum. Hann segist vita að hann verði að leggja ýmislegt af mörkum ætli hann sér að klára skólann. Hann veit hvernig það er að eiga ekki pening fyrir mat og þurfa að reiða sig á félagana með mat og nauðsynjar og ætlar að reyna að komast hjá því að lenda aftur í þeirri stöðu. Hann veit líka að það sem helst gæti hjálpað honum væri að breyta aðeins um lífsstíl. Aðspurður segist hann tilbúinn til að fórna ansi miklu. Hann er tilbúinn að gefa frá sér alla vímuefna neyslu til að ná inn í skóla. Hann lítur heiminn sem eitt land ætlað öllum til búsetu, án landamæra. Væntingar hans eftir 10-15 ár eru að hafa lokið háskólanámi og ferðast töluvert um heiminn.

*Já mér langar að komast sem mest um heiminn, ferðast út um allan heim og finna stað sem mér lýst best á til að setjast að og sinna listinni, mála og teikna þar sem ekkert er að trufla listræna sköpun mína.*

Hann er bjartsýnn á framtíðina og telur sig geta náð markmiðum sínum ef hann bara kemst í námið aftur og fær einhvern stuðning.

Viðmælandi sem hefur verið á atvinnuleysisbótum í þrjá mánuði vill skoða betur hvar hans möguleikar liggja. Hann segist hafa haft nógan tíma til að sitja á rassgatinu og hugsa en nú sé tími til að fara að framkvæma eitthvað. Hann segir að það sem þurfi að leggja að mörkum til að komast áfram í lífinu og náminu ef hann fær aftur skólavist, sé að ná fram einhverri reglu á líf sitt. Læra að vakna á morgnana og taka ábyrgð á sér. Byrja smátt og vinna sig svo upp. Hann segist aldrei verða þunglyndur, en þegar hann er spurður hvort hann upplifi einhverntíma þá tilfinningu að allt sé vonlaust og ömurlegt í lífinu svarar hann að það gerist alltof oft. Viðmælandi er spurður að því við hvern hann ræði þegar hann fær þessa tilfinningu og svarar „þig“. Hann hefur aldrei rætt líðan sína við neinn og er þetta viðtal í fyrsta sinn sem hann talar um líf sitt og líðan á þennan hátt. Hann segist vera í leit að einhverjum lausnum og hann sé þreyttur á þessu líferni. Hann segir að það sé mismunandi eftir dögum hvort hann finni til bjartsýni eða svartsýni fyrir framtíðinni. Eins og er sé lífið óvissa en hann vonar að framtíðin verði betri. Hann segir að viðtalið sé vonandi fyrsta skrefið og hafi aðeins losað um



hjá sér. Nú sé kannski best að fara og leita sér hjálpar hjá þeim sem eitthvað vita um hvernig best sé að fara í þetta.

Viðmælandinn segist vera stoltur og hafi alltaf hafa hugsað á þann hátt að enginn geti gert eitthvað fyrir hann sem hann getur ekki gert sjálfur en að nú sé kannski tímabært að fara með stoltið með sér til félagsráðgjafa og leita sér hjálpar.

## 6. Umræður

Tilgangur rannsóknarinnar er að auka þekkingu á því hvaða leiðir hafa verið farnar í Reykjavík til þess að styðja ungt fólk á aldrinum 16-20 ára til náms. Ungt fólk sem býr við félagslega erfiðar aðstæður, hvort heldur sem er vegna fjölskylduaðstæðna eða vegna eigin félagslegra vandamála.

Til þess að afla þekkingar var gerð stefnugreining og eigindleg viðtöl tekin við átta ungmenni. Hafa ber í huga að ekki er hægt að yfirfæra ályktanir af viðtölunum yfir á aðrar aðstæður eða önnur viðfangsefni. Viðtalsrannsókn af þessu tagi getur þó gefið vísbendingar um upplifun og stöðu ungs fólks.

Ekki virðist vera skortur á stuðningsúrræðum fyrir ungt fólk í námi ef rýnt er í lög og reglur er varða málefnið. Þeir námsmenn sem þurfa á aðstoð félagslega kerfisins að halda geta fengið framfærslustyrk og námsstyrk, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Er þar um að ræða styrk til bókakaupa, skólagjalda og framfærslu frá bæði þjónustumiðstöðvum borgarinnar og Hjálparstarfi kirkjunnar. Hjá Hjálparstofnun kirkjunnar leggja fyrirtæki og einstaklingar málefnið lið og styðja við starfið svo að ungmenni í félagslega erfiðum aðstæðum geti menntað sig.

En stuðningurinn er oft ekki sá sem unga fólkið telur sig þurfa líkt og fram kemur hjá einum viðmælandanum þegar hann telur að húsnæði og fæði myndi hjálpa sér meira en peningastyrkir. Vekur þetta upp hugsunina um það hvort samráð við notendur sé nógu öflugt og hlustað sé markvisst eftir þörfum þeirra. Einnig kemur það fram að ungmennin vita ekki hvar sé hægt að leita stuðnings.

Í reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er kveðið á um að ungt fólk geti sótt um styrk til framfærslu, bókakaupa og greiðslu skólagjalda hjá þjónustumiðstöðvum, séu félagslegar aðstæður þeirra bágbornar. Stuðningurinn á að gagnast ungmennum í námi sem búa við félagslega erfiðar aðstæður. Ef til vill má gagnrýna þessar reglur vegna þess hve seint þær gagnast fólki. Námsmaðurinn þarf að vera búinn að upplifa vonleysi, lakan fjárhag og mikla erfiðleika áður en hann telst styrkhæfur. Um þetta ræddi einn viðmælandi og sagði að aðstæður hans væru ekki nógu slæmar til að hann ætti kost á stuðningi. Faglegt mat sem byggir á stöðu einstaklings og fyrirliggjandi reglum ræður því hvort að námsmaður fái aðstoð. Hugsanlega væri það betri kostur að grípa fyrir inn í mál þeirra einstaklinga sem búa við

félagslega erfiðar aðstæður og njóta ekki stuðnings fjölskyldu sinnar til náms. Til að foreldri geti fengið námsstyrk fyrir barn sitt er miðað við að tekjur hafi verið undir einni milljón króna yfir 12 mánaða tímabil, sem hljóta að teljast mjög lág laun. Ætla má að foreldrið hafi ekki getað með góðu móti framfleytt sér og barni eða börnum af þessum tekjum. Eru þetta ströng skilyrði til þess að eiga rétt á lágmarksframfærslu frá sveitarfélagi og að hafa möguleika á að stunda nám.

Meðal hlutverka framhaldsskóla er að búa nemendur sína undir þátttöku í lýðræðissamfélagi. Auk þess er það hlutverk þeirra að búa þá undir þátttöku í atvinnulífinu og auka færni þeirra á sviði siðfræði og sjálfstrausts. Vegna þessa er mikilvægt að sem flestir fái tækifæri til að sækja framhaldsskóla. Hvati að því að sækja framhaldsskóla myndast á grunnskólaárunum og því mikilvægt að nemendur fái þaðan jákvæða reynslu. Svo virðist sem grunnskólinn hafi almennt ekki haft valdeflandi áhrif á viðmælendur og áhugavert að setja í samhengi við vistfræðikenningu Bronfenbrenners. Þar kemur fram hvað það er mikilvægt að umhverfið styðji við bakið á ungmennunum þegar annan stuðning þrýtur s.s. stuðning fjölskyldu og vina.

Fram kemur í gögnum rannsóknarinnar að fleiri karlmenn ljúka ekki framhaldsskóla en konur. Er brottfall karla úr framhaldsskólanámi því meira en hjá konum. Það er því kannski ekki tilviljun að fleiri karlar tóku þátt í þessari rannsókn en konur. Það virðist verðugt verkefni að skoða það hvernig stuðningur við drengi er í grunnskólum og í upphafi framhaldsskóla.

Meðal megin einkenna félagsauðs eru góð tengsl og uppbygging á trausti. Viðmælendur greindu frá tíðum flutningum, erfiðleikum í samskiptum og snauðum vinatengslum á uppvaxtarárum sínum. Vinnur slíkt gegn tengslamyndun og uppbyggingu á trausti. Því má segja að þeir hafi ekki notið félagsauðs með beinum hætti. Með því að vinna að betri tengslamyndun í grunn- og framhaldsskóla og auka með þeim hætti virkni og þátttöku, þá er líklegra að ungmennin njóti frekar þess félagsauðs sem er í samfélaginu og geti jafnvel lagt sitt af mörkum til uppbyggingu þess. Hér getur öflug samfélagsvinna skilað árangri við að styðja ungt fólk í sínu lífi eins og er meðal meginmarkmiða þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar. Er átt við þá viðleitni félagsráðgjafa að styðja einstaklinga til valdeflingar og styrkingar á stöðu sinni í samfélaginu. Aukin umræða hefur verið um notendasamráð í samfélaginu. Svo virðist sem að viðmælendur hafi ekki upplifað slíkt og er dæmi í rannsókninni tekið af einstaklingi sem aldrei fyrr hefur verið spurður um líðan. Ekki virðist

litið á reynslu ungmennanna sem mikilvæga og að þau séu sérfræðingar í eigin lífi sem viti best hvaða lausnir henti þeim.

Miðað við niðurstöður rannsóknarinnar er hægt að álykta sem svo að stuðningur frá fjölskyldunni sé mikilvægur og því þurfi að huga betur að stuðningi við fjölskylduna sem heild. Athyglisvert er að bera þessar niðurstöður við nýlega ritgerð Geirs Bjarnasonar (2010) „Samstarfið er miklu öflugra en messugjörðin“. Í þeirri rannsókn kemur fram að samstarf skóla og heimilis hafi mikið forvarnargildi. Stuðningur frá fjölskyldu eða sínum nánustu er mikilvægur til að halda ungmennum til dæmis í námi. Hér er ekki einungis átt við fjárhagslegan stuðning heldur einnig félagslegan stuðning. Flest ungmennanna upplifðu lítinn stuðning frá fjölskyldunni og einhverjum tilvikum neikvæð áhrif frá fjölskyldu. Vert er þó að líta til þess að jafnvel þó að stuðningurinn sé lagður fram með hvatningarorðum systkina eða hvatningu fósturföður virðist það geta verið nóg til að ungmennið haldist í námi og leggi sig fram um að mennta sig. Þeir sem ekki hafa neinn stuðning að heiman og eiga í slæmum samskiptum við annað heimilisfólk sitt eru í þessari rannsókn líklegri til að vera utan skóla. Telja má líklegt að bæta megi að einhverju leyti úr skorti á stuðningi til þessa unga fólks með ráðgjöf og frekari eftirfylgd.

Fjölskylduaðstæður ungmennanna voru mismunandi en segja má í mörgum tilfellum slakar. Fjölskyldur þeirra allra áttu erfitt með annað hvort fjárhagslegan stuðning eða til dæmis andlegan stuðning og sumar hvoru tveggja. Félagslegt net fjölskyldunnar virðist í flestum tilfellum bágborið. Í mörgum tilvikum er um að ræða fjölskyldur sem ekki hafa mikil samskipti við aðra ættingja eða að slík tengsl eru ekki til staðar.

Það kom rannsakanda á óvart að viðmælendur tóku ábyrgð á stöðu sinni. Nefna ekki tíða flutninga foreldra og þá um leið sinna sem truflandi þátt sem hafi skapað þeim vanlíðan. Þeir leituð ekki skýringa á slæmri stöðu sinni hjá stofnunum samfélagsins eða „kerfinu“. Þau leituðu skýringa inn á við, til sín og skýrðu stöðu sína með setningum eins og „*mér gekk alltaf illa*“, „*ég var latur*“ og „*það sem ég þarf að breyta er ég sjálfur*“ og lýstu sér sem hálfgerðum villingum. En í dag virtust þau búa yfir orku og seiglu til að bjarga sér og hugsa til framtíðar með metnaðarfull framtíðarmarkmið.

Þau sáu öll fyrir sér barneignir í nánustu framtíð og ber það vott um að almennt hafi ríkt bjartsýni meðal viðmælenda. Þau sáu ekki ástæðu til að kenna neinu sérstöku um aðstæður sínar að undanskildum einum sem þótti móðir sín hafa spilað illa úr lífi sínu. Annars voru þau

auðmjúk í tali um aðstæður sínar. Þau áfellast engan og einum þátttakanda fannst það vera eitthvað skrytið að einhver annar en hann ætti að taka ábyrgð á sér. Í viðtali sem tekið var til upplýsinga hjá einni þjónustumiðstöðinni sagði viðmælandinn sem er félagsráðgjafi að ef ungmenni væri í erfiðleikum væri oft hringt beint í skólastjóra framhaldsskólans til að reyna að pressa ungmennið inn í skólann. Betra þætti að mennta krakkana sem eru í erfiðum aðstæðum heldur en að láta þau ganga um göturnar á bótum eða fjármagna sjálf sig með glæpum. Skörunin sem á sér stað í frásögn hans og þess sem fékk að heyra það frá starfsmanni annarrar þjónustumiðstöðvar, að líf hans væri ekki nógu hræðilegt, fær rannsakanda til að velta fyrir sér hvernig mat á aðstæðum er framkvæmt. Velta má fyrir sér hvort viðmið allra þjónustumiðstöðvanna séu þau sömu, hvort jafnræðis sé gætt. Ef ekki þá má velta því upp hvort það sé æskilegt að svo sé. Einnig kom fram í viðtali við starfsmann þjónustumiðstöðvarinnar að nú væri á döfinni að fara í skólana og skima eftir þeim sem falla undir að vera í áhættuhóp. Þannig mun verða reynt að nálgast þá einstaklinga sem líklegir eru til að láta nám og skóla að mestu eiga sig og byrgja þannig brunninn.

Enginn viðmælanda taldi grunnskóla hafa búið þá vel undir nám í framhaldsskóla. Einn viðmælandi nefndi jákvæðan stuðning námsráðgjafa en fleiri nefna skort á uppbyggilegum stuðningi. Viðmælendur telja sig ekki hafa lært um gildi og heilbrigðan lífsstíl í skóla og muna ekki til þess að lögð hafi verið áhersla á að byggja upp sjálfsmynd þeirra. Þetta er umhugsunarvert og þarf að skoða á hvern hátt stutt er við jákvæða sjálfsmynd ungmenna innan skólakerfisins. Jákvæð sjálfsmynd er mikilvæg fyrir einstaklinga og styður þá til virkrar þátttöku í samfélaginu. Í Lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) segir að leggja skuli áherslu á sjálfsvitund, siðgæðisvitund, vitund um borgaralega ábyrgð og skyldur.

Að mati höfunda er öllum þeim peningum sem varið er til stuðningsúrræða fyrir ungt fólk í námi vel varið. Huga þarf betur að forvörnum þannig að fyrir sé gripið inn í aðstæður ungmenna sem búa við félagslega erfiðar aðstæður og þeim komið til aðstoðar áður en þau gefast upp sem getur síðan haft alvarlegar afleiðingar á heilsu þeirra og sjálfsmynd. Fram kemur í samtölum við viðmælendur að þeir geta ekki sinnt líkamsrækt og íþróttum vegna mikils kostnaðar. Að þessu þarf að huga, þau ungmenni sem stunda reglulegar frístundir eru líklegri til að njóta velgengni í lífinu (Hrefna Pálsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Birna Baldursdóttir og Jón Sigfússon, 2009). Því er það afar mikilvægt að öll ungmenni hafi tækifæri til þess að leggja stund á frístundir.

Viðmælendur sem eru án atvinnu segja að þeir eigi erfitt með að hafa sig í að gera hluti og stunda áhugamál sín, lýsa orkuleysi og deyfð. Forsenda valdeflingar er að grunnþörfum sé fullnægt, fólk hafi í sig og á. Almennt höfðu viðmælendur lítið sem enga þekkingu á þeim úrræðum sem gætu staðið þeim til boða. Reynsla þeirra af stuðningskerfi borgarinnar var frekar neikvæð, þeir sem höfðu leitað höfðu ekki fengið stuðning sem virkaði fyrir þá. Tryggja þarf leiðir til að þau úrræði sem eru í boði fyrir ungt fólk verði sýnileg því samkvæmt reynslu annarra þjóða af fjármálakreppum koma afleiðingar kreppunnar fram þegar álitid er að hagvöxturinn sé á leið upp. Þá er betra fyrir alla að ungt fólk sé að mennta sig til að taka á móti þeim afleiðingum og mikilvægt að styðja við þátttöku þeirra og virkni í lýðræðissamfélagi.

Stofnanir og félagasamtök bjóða ungu fólki stuðning til náms en ungt fólk virðist ekki vera meðvitað um þann stuðning eða hvar hann er að finna. Eins virðist sá stuðningur sem boðinn er oft ekki vera sá stuðningur sem ungt fólk telur sig þurfa til að geta stundað nám. Auka þarf aðgengi að félagslegum stuðning bæði innan og utan skólakerfisins. Mikilvægt er að bregðast við og styðja ungmenni áður en erfiðleikar þeirra verða of miklir og leggja áherslu á forvarnir.

---

Hervör Alma Árnadóttir

---

Ægir Örn Sigurgeirsson

## Heimildir

Anna Sigrún Baldursdóttir, Steinunn Halldórsdóttir, Berglind Rós Magnúsdóttir, Sigtryggur Magnason, Stefán Stefánsson, Þórir Ólafsson, Héðinn Unnsteinsson, Gissur Pétursson, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Gestur Guðmundsson og Runólfur Ágústsson. (2009). *UNGT FÓLK ÁN ATVINNU - VIRKNI ÞESS OG MENNTUN*. „Þetta er leiðinlegt líf, ég er búinn að vera það lengi atvinnulaus, er alltaf í tölvunni á nóttunni, þetta verður bara að stoppa”. Sótt 19 september 2010 af [http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/UngtFolkAnAtvinnu\\_lok2\\_251109.pdf](http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/UngtFolkAnAtvinnu_lok2_251109.pdf).

Bason, C., Knudsen, S. og Toft, S. (2009). *Sæt borgeren I spil. Sådan involverer du borgere og virksomheder I offentlig innovation*. Kaupmannahöfn: Gyldendal Public.

Beresford, P. og Croft, S. (2000). Empowerment. Í Davies, M. (ritstj.) *The Blackwell Encyclopedia of Social Work* (bls. 45-69). Oxford: Blackwell.

Bicheno, John: *The lean toolbox for service systems*. PICSIE books: Buckingham 2008.

Bogdan R.C og Biklen S.K. (2003). *Qualitative Research for Education, An Introduction to Theories and Methods*. Boston: Pearson Education Group Inc.

Bronfenbrenner, U. (1979). *The ecology of human development. Experiments by nature and design*. Cambridge: Harvard university press.

Bronfenbrenner, U. (e.d.). Sótt 31. ágúst 2010 af <http://gozips.uakron.edu/~susan8/devparch/theorists.htm>.

Desforges, C. og Abouchaar, A. (2003). *The impact of parental involvement, parental support and family education on pupil achievement and adjustment: A literature review*: Department for education and skills. Sótt 29. september 2010 af <http://www.dcsf.gov.uk/research/data/uploadfiles/RR433.pdf>.

Engilbert Sigurðsson, Guðný Björk Eydal, Guðrún Sigurjónsdóttir, Hafrún Kristjánsdóttir, Matthías Halldórsson og Salbjörg Bjarnadóttir (2009). Skýrsla nefndar um sálfélagsleg viðbrögð (NSV) við efnahagskreppunni.

Esterberg G. K. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: Mc Graw Hill.

Evrópuráðið. (2004). *Skýrsla um hlutdeild notenda í einstaklingsmiðaðri félagslegri þjónustu*. Reykjavík: félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Fjölbrautarskólinn við Ármúla (e.d.). Stoðkerfi–dyslexía–lesblinda. Sótt þann 25. ágúst 2010 af: <http://fa.is/thjonusta/dyslexia/>.

Geir Bjarnason (2010). Samstarfið er miklu mikilvægara en messugjörðin. *Áhrif samstarfs heimila og skóla á vímuefnaneyslu nemenda*. Reykjavík: Óbirt meistarafráttir.

Hagstofan (e.d.). Sótt af

<http://www.hagstofan.is/?PageID=1665&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO00002%26ti=Sk%F3las%F3kn+eftir+kyni%2C+aldri+og+landsv%E6%F0um+1999%2D2009%26path=../Database/skolamal/yfirlit/%26lang=3%26units=Fjöldi>.

Hjálparstarf kirkjunnar (e.d.). *Um aðstoð innanlands*. Sótt þann 15. ágúst 2010 af <http://help.is/id/2>.

Hjálparstarf kirkjunnar (2009). *Starfsskýrsla 2008-2009*. Aðalfundur í Grensáskirkju 26. sept 2010.

Hrefna Pálsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Birna Baldursdóttir og Jón Sigfússon. Rannsóknir og greining (2009). Ungt fólk utan skóla *Félagsleg staða 16-20 ára ungmenna á Íslandi sem ekki stunda nám við framhaldsskóla árið 2009*. Sótt þann 11. júní 2010 af: <http://www.rannsoknir.is/media/rg/skjol/Ungt-folk---Utan-skola-2009.pdf>.

Hudson, M. (2007). *Managing people*. Í Harrison R., Benjamin C., Curran S. og Hunter R. (ritstj.). *Leading work with young people* (bls. 127-142). London: Sage publications.

Katzenstein P. J. (2000). Confidence, Trust, International Relations, and Lessons from Smaller Democracies. Í Putnam, R. D. og Pharr, S. J. (Ritstj.), *Disaffected democracies. What's troubling the trilateral countries?* (bls. 121-149). Princeton: University press.

Larsen, C. A. (2002). Municipal size and democracy, a critical analysis of the argument of the proximity based on the case of Denmark. *Scandinavian Political Studies*, 25-4, bls. 317 – 332.



Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Menntaskólinn við Hamrahlíð (e.d). Áfallahjálp. Sótt þann 25. ágúst 2010 af:  
[http://www.mh.is/static/files/pdf/afallahjalp\\_texti\\_heimasida.pdf](http://www.mh.is/static/files/pdf/afallahjalp_texti_heimasida.pdf).

Menntaskólinn í Reykjavík (e.d). Um styrki og verðlaun. Sótt þann 25. ágúst 2010 af:  
[http://www.mr.is/jokull/jokull.php?page\\_id=101140000](http://www.mr.is/jokull/jokull.php?page_id=101140000).

Netting, F., Kettner, P. M., McMurtry, S. L. (2010). *Social work. Macro practice*. Boston: Pearson.

Newton, K. og Norris, P. (2000). Confidence in public institutions: Faith culture and performance. Í Putnam, R. D. og Pharr, S. J. (Ritstj.), *Disaffected democracies. What's troubling the trilateral countries?* (bls.52-74). Princeton: University press.

OECD. (2010). *Education at a Glance*. Sótt 19. september 2010 af  
<http://www.oecd.org/dataoecd/45/39/45926093.pdf>.

Putnam, R. D. (2000). *Bowling alone, the collapse and revival of American community*. New York: Simon&Schuster.

Reykjavíkurborg (e.d). Reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Sótt þann 14. ágúst 2010 af [http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/velferdarsvi\\_nytt/skjol/fjarhagsadstodarreglur\\_mai\\_\\_2010.pdf](http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/velferdarsvi_nytt/skjol/fjarhagsadstodarreglur_mai__2010.pdf).

Schachter, H. L. (1997). *Reinventing government or reinventing ourselves. The role of citizen owners in making a better government*. Albany: New York press.

Skapti Hallgrímsson (2008). Ástand í Finnlandi var skelfilegt. *Morgunblaðið* 5. Nóvember 2008, bls. 20.

Stefán Ólafsson. (1996). *Hugarfar og hagvöxtur. Menning þjóðfélag og framfarir á Vesturlöndum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Svandís Nína Jónsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Hera Hallbera Björnsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir (2003). Utanskólarannsókn. *Félagsleg staða ungmenna utan framhaldsskóla og samanburður við jafnaldra þeirra í framhaldsskólum*. Sótt þann 11. júní 2010 af:  
<http://www.hr.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=11737>.

Vinnumálastofnun. (e.d.). Sótt 21. október 2010 af  
<http://www.vinnumalastofnun.is/fyrirvarar-vid-toflu/>.

Þóra Ingimundardóttir (2009). „Maður þarf bara þínu stuðning og styrk“. Nemendur með sértæka námsörðugleika. BA ritgerð. Sótt þann 11. júní 2010 af:  
[http://skemman.is/bitstream/1946/2316/1/pd\\_fixed.pdf](http://skemman.is/bitstream/1946/2316/1/pd_fixed.pdf).

## **Viðauki 1**

### **Viðtalsvísir**

#### **Bakgrunnsupplýsingar**

- Aldur?
- Búseta? (ein(n), sambýlingur?)

- Börn? hve gamalt/gömul?
- Systkini þín (fjöldi, aldur, samfeðra, sammæðra, fóstur, hvernig eru samskiptin)?
- Foreldrar (saman, einstæðir, stjúpmóðir/faðir, hvernig eru samskiptin)?
- Fjölskyldunet/hverjir eru í þinni fjölskyldu (afi, amma, frænka, frændi, vinir, hvernig eru samskiptin)?
- Bernska og uppvöxtur ( grunnskóli, önnur menntun, félagsleg staða, þín upplifun af bernsku þinni og grunnskólagöngu)?
- Hefur þú atvinnu, hvaða?
- Ef ekki, hvernig framfleytir þú þér?
- Áhugamál (hvernig sinnir þú áhugamálum og hefur þú gott aðgengi að þínum áhugamálum?)
- Drekkur þú?, reykir þú?, neytir þú vímuefna?
- Ef svo er, samræmist það væntingum þínum til framhaldsnáms og frekari skólagöngu?

### **Framhaldsnámið**

- Hvernig voru einkunnir þínar í grunnskóla?
- Fékkstu stuðning frá skólanum til að takast á við nám sem var þér erfitt?
- Var góður stuðningur heima fyrir?
- Finnst nánustu fjölskyldu það skipta máli hvort þú menntir þig?
- Finnst þér þú vera vel undirbúin(n) til að fara í framhaldsskóla?
- Finnst þér grunnskólinn sem þú gekst í hafa lagt mikið uppúr að fræða þig um líkamlega og sálræna heilsu þína, hjálpa til við að styrkja sjálfsmynd þína?
- Hefur þú sótt framhaldskóla? (hvaða, hvenær)?
- Ef ekki (hver var ástæðan)?
- Ef námsleiði, hvernig útskýrir þú námsleiða?
- hvernig leið þér í skólanum?
- Ef skólaganga byrjaði (hvers vegna hættir þú)?
- Leitaðir þú til einhverra til að fá ráð um hvernig þú gætir haldið áfram námi?
- Af hverju langar þig (aftur) í skóla?
- Veistu af einhverjum stuðningsúrræðum sem gætu gagnast þér til að sækja frekara nám?
- Hvað hindrar þig í að nýta þér þann stuðning?
- Hvernig upplifðir þú stuðningskerfið til að fá haldið áfram námi?
- Fjölskyldan, styður hún þig?
- Hefur einhver aðstoðað þig til að fá stuðning til náms og finna leiðir til að þú getir sett þér markmið varðandi nám?
- Hefur þú kynnt þér námsleiðir aðrar en hefðbundna framhaldskóla?
- Hvað er takmarkið með að komast í nám, hvað viltu verða?
- Af hverju og hvað telur þú þig hafa fram að færa á því sviði?
- Hvað myndir þú vilja leggja af mörkum til að ná því fram?

### **Framtíðin**

- Hverjar eru væntigar þínar til framtíðarinnar eftir 10-15 ár (fjölskyldu, vina, vinnu, áhugamála, menntunnar?)
- Hvernig telur þú að framtíðin eigi eftir að vera hjá þér eftir 10-15 ár (bjartsýn(n) eða svartsýn(n))?

## **Viðauki 2**

### **Upplýst samþykki þátttakenda**

#### **Þátttakendur rannsóknar um ungt fólk í námi á tímum kreppu.**

Mér undirritaðri/undirrituðum hefur verið kynnt ofangreind rannsókn og efni hennar. Mér er ljóst að markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á þær leiðir sem farnar hafa verið í Reykjavík til þess að styðja ungt fólk til náms sem býr við félagslega erfiðar aðstæður. Þátttaka mín felur í sér

klukkustundar langt viðtal um hagi mína, bakgrunn og upplifun mína af því að vera í ofangreindri stöðu. Viðtölin verða hljóðrituð og skráð af Ægi Erni Sigurgeirssyni og mun hann í samstarfi við leiðbeinendur sína fá Háskóla Íslands vinna úr efninu. Mér er ljóst að fylgt verður reglum um trúnað og nafnleynd samkvæmt kröfum Persónuverndar og siðanefndar Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands.

Gögn verða dulkóðuð svo ekki verði mögulegt að þekkja mig í gögnum, á það við um staðhætti, nafn og annað sem gæti varpað ljósi á hvern um ræðir. Útskrift viðtala munu einungis leiðbeinendur rannsóknaraðila ásamt honum sjálfum sjá. Að rannsókn lokinni mun öllum gögnum frá viðtali vera eytt. Í lokaskýrslu rannsóknar mun meginþemu úr viðtölum vera dregin fram og vitnað til viðtala þar sem við kann að eiga.

Ég get á hvaða stigi rannsóknarinnar sem er dregið mig út úr rannsókninni án frekari eftirmála. Ávinningur minn með þátttöku í rannsókninni verður að fá tækifæri til að skýra frá reynslu minni, upplifun og aðstæðum. Niðurstöður rannsóknar geta veitt innsýn í líf þeirra ungmenna sem vilja stunda nám en mæta hindrunum sem skerða möguleika þeirra. Því getur þátttaka mín bætt úr þeim úrræðum sem fyrir hendi eru eða skapað ungu fólki sem býr við félagslegan vanda greiðari leið til að mennta sig. Með undirskrift minni staðfesti ég þátttöku mína í þessari rannsókn og er mér ljóst hvað þátttaka mín felur í sér. Mér einnig ljóst að réttur minn til að draga mig út úr rannsókninni er að fullu gildur á hvaða stigi sem er.

Ég undirrituð/undirritaður lýsi því hér með yfir að ég er reiðubúin(n) að taka þátt í rannsókn þeirri sem hér um ræðir, án greiðslu eða umbunar.

Dagsetning: \_\_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_

---

Hervör Alma Árnadóttir, Lektor í félagsráðgjöf  
og umsjónarmaður rannsóknarinnar.